



Íþróttabandalag Akraness

Stofnað 1946



Ársskýrsla 2012

69. ársþing - 18. apríl 2013



Laufey Sigurðardóttir,
ritari



Ellert Ingvarsson,
varaformaður



Sturlaugur Sturlaugsson,
formaður



Karl Þórðarson,
gjaldkeri



Hildur Karen
Aðalsteinsdóttir,
meðstjórnandi



Hugi Harðarson,
varamaður



Jón Þór Þórðarson,
íþróttafulltrúi ÍA



Halldór Fr. Jónsson,
varamaður



Sveinbjörn Hlöðversson,
Knattspyrnufélagið
Kári



Kári Rafn Karlsson,
Kraftlyftingafélag
Akraness



Guðmundur Sigurðsson,
Keilufélag
Akraness



Svanborg Frostadóttir,
Badmintonfélag
Akraness



Hannibal Hauksson,
Körfuknattleiksfélag
Akraness



Jóhann Sigurðsson,
Karatefélag
Akraness



Þórður Emil Ólafsson,
Golfklúbburinn
Leynir



Anna Bjarnadóttir,
Ungmennafélagið
Skipaskagi



Stefán G. Ármannsson,
Hestamannafélagið
Dreyri



Eygló Karlsdóttir,
Sundfélag
Akraness



Ingi Fannar Eiríksson,
Knattspyrnufélag
ÍA



Erna Sigurðardóttir,
Blakfélagið
Bresi



Sevar Haukdal,
Fimleikafélag
Akraness



Sýlvía B. Kristinsdóttir,
Íþróttafélagið
Þjótur



Jón S. Ólason,
Skotfélag
Akraness



Jóhann Pétur Hilmarsson,
Vélhjólaíþróttafélag
Akraness



Örnólfur Þorleifsson,
Hnefaleikafélag
Akraness

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2012

Framkvæmdastjórn ÍA árið 2012 skipuðu:

Sturlaugur Sturlaugsson formaður

Ellert Ingvarsson varaformaður

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir

Karl Þórðarson

Laufey Sigurðardóttir

Varamenn í stjórn

Halldór Fr. Jónsson

Hugi Harðarson

Formenn aðildarfélaga ÍA árið 2012 voru:

Svanborg Frostadóttir formaður Badmintonfélags ÍA

Erna Sigurðardóttir formaður Blakfélagsins Bresa

Sævar Haukdal formaður Fimleikafélags Akraness

Þórður Emil Ólafsson formaður Golfklúbbsins Leynis

Stefán G. Ármannsson, form. Hestamannafélagsins Dreyra

Örnólfur Þorleifsson formaður Hnefaleikafélags Akraness

Sylvía Kristindóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts

Jóhann Sigurðsson formaður Karatefélags Akraness

Guðmundur Sigurðsson formaður Keilufélags Akraness

Ingi Fannar Eiríksson formaður Knattspyrnufélags ÍA

Sveinbjörn Hlöðversson form. Knattspyrnufélagsins Kára

Kári Rafn Karlsson formaður Kraftlyftingafélag Akraness

Hannibal Hauksson form. Körfuknattleiksfélags Akraness

Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga

Jón S. Ólason formaður Skotfélags Akraness

Eygló Karlsdóttir formaður Sundfélags Akraness

Jóhann Pétur Hilmarsson formaður Vélhjólaiþróttafélagi Akraness

Íþróttarárið 2012

Íþróttarárið 2012 var viðburðaríkt að vanda og keppendur á vegum ÍA að ná athyglisverðum árangri. Í knattspyrnu spilaði meistaraflokkur karla í efstu deild eftir 3 ára hlé og hafnaði í 6. sæti Pepsi-deildarinnar, eftir að hafa verið lengi í baráttunni um evrópusæti. Meistaraflokkur kvenna tók þátt í 1. deild og var aðeins einu stigi frá því að komast í umspil um sæti í Pepsi-deildinni. Inga Elín Cryer setti tvö Íslandsmet á Íslandsmeistaramótinu í sundi í 25 metra laug. Inga Elín varð einnig Íslandsmeistari í 1km sjósundi. Valdís Þóra Jónsdóttir kylfingur úr GL tryggði sér eftirminnilega sigurinn á Íslandsmeistaramótinu högggleik með því að setja niður af öryggi tveggja metra putt á síðustu holunni. Jakob Svavar Sigurðsson knapi í Hestamannafélaginu Dreyra varð tvöfaldur Íslandsmeistari í hestaíþróttum og átti hann mikilli velgengi að fagna á árinu. Jófríður Ísdís Skaftadóttir sigraði í kringlukasti kvenna á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum sem haldið var á Laugardalsvelli. Kraftlyftingafélag Akraness stóð fyrir Íslandsmóti í bekkpressu í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum. Þar setti Einar Arnar Guðnasonar nýtt Íslandsmet í mínus 105 kg flokki.

Norðurálmsmótið í knattspyrnu og Akranesleikarnir í sundi heppnuðust ákaflega vel. Íslandsmeistaramótið í almennum fimleikum fór fram í íþróttahúsinu við Vesturgötu og var í umsjón FIMA. Árangur fimleikafólksins var glæsilegur á árinu og vann það til 45 Íslandsmeistaratitla, auk margra sigra í liðakeppnum. Hnefaleikafélag Akraness stóð fyrir glæsilegri keppni í Íþróttahúsinu við Vesturgötu. Hnefaleikakappar af Skaganum fóru líka í keppnisferðir til Grænlands



og Danmerkur. Keppendur frá Badmintonfélagi Akraness unnu til margra verðlauna á árinu og hefur Egill Guðlaugsson skipað sér sess sem einn af bestu badmintonspilurum landsins. Árangur Karatefélags Akraness í barnaflokkum var sérstaklega góður á Íslandsmótinu í kata. Skagakonan Aðalheiður Rósa Harðardóttir varð tvöfaldur meistari í kata. Skagamenn voru hársbreidd frá því að vinna sér sæti í úrvalsdeildinni í körfuknattleik eftir spennandi úrslitakeppni gegn nágrönnum okkar í Skallagrími. Knattspyrnufélagið Kári komst í úrslitakeppni 3. deildar. Félagsmenn VÍFA tóku virkan þátt í motocross og enduro keppnum ársins. Kristján Þórðarsson úr Keilufélagi Akraness varð Íslandsmeistari í keilu í flokki einstaklinga með forgjöf. Skúli Freyr Sigurðsson var valinn í karlalandsliðið sem fór á Evrópumótið í Austurríki. Berglind Björgvinsdóttir náði meistaratitli á Íslandsmótinu í skotfimi með loftskambyssu. Blakkonurnar í Bresa stóðu sig vel á öldungamótinu á Siglufirði og unnu sig þar upp um deild. Keppendur frá Íþróttafélaginu Þjóti unnu til verðlauna á Íslandsmótinu í boccia sem haldið var á Ísafirði. Þann 8. nóvember hélt félagið uppá 20 ára starfsafmæli sitt með glæsilegri veislu.



sérlegri uppskeruhátíð hestamanna var hann valinn Íþróttaknapi ársins.

Eftirtalið Íþróttafólk var tilnefnt til kjörsins af sínum félögum:

Badmintonmaður ársins: Egill Guðvarður Guðlaugsson
Fimleikamaður ársins: Guðjón Snær Einarsson
Hestaíþróttamaður ársins: Jakob Svavar Sigurðsson
Íþróttamaður Þjóts: Sigurður Smári Kristinsson
Kylfingur ársins: Valdís Þóra Jónsdóttir
Keilumaður ársins: Þorleifur Jón Hreiðarsson
Knattspyrnumaður ársins: Jóhannes Karl Guðjónsson
Knattspyrnukona ársins: Helga Sjöfn Jóhannesdóttir
Knattspyrnumaður Kára: Hörður Kári Harðarson
Kraftlyftingamaður ársins: Einar Örn Guðnason
Körfuknattleiksmaður ársins: Áskell Jónsson
Skotmaður ársins: Berglind Björgvinsdóttir
Sundmaður ársins: Inga Elín Cryer
Vélhjólaiþróttamaður ársins: Ernir Freyr Sigurðsson
Íþróttamaður Umf. Skipaskaga: Jófríður Ísdís Skaftadóttir

Á árinu 2012 eignuðumst við alls 91 meistarar á Íslands- og bikarmótum í 13 Íþróttagreinum. Eftirfarandi félög fengu sérstaka viðurkenningu frá Akraneskaupstað vegna Íslands- og/eða bikarmeistaratitla í efstu deild karla og kvenna í viðkomandi einstaklings- eða hópíþrótt:

Fimleikafélag Akraness: Ástrós Líf Rúnarsdóttir Íslandsmeistari í almennum fimleikum.

Golfklúbburinn Leynir: Valdís Þóra Jónsdóttir Íslandsmeistari kvenna í högggleik

Hestamannafélagið Dreyri: Jakob Svavar Sigurðsson Íslandsmeistari í fimmgangi og slaktaumatölti.

Íþróttafélagið Þjótur: Sigurður Smári Kristinsson Íslandsmeistari í boccia bc-1flokki

Kraftlyftingafélag Akraness: Einar Örn Guðnason Íslandsmeistari í kraftlyftingum í 105 kg flokki

Ungmennafélagið Skipaskagi: Jófríður Ísdís Skaftadóttir Íslandsmeistari kvenna í kringlukasti.

Íþróttamaður ársins 2012 á Akranesi

Sundkonan Inga Elín Cryer var kjörin Íþróttamaður Akraness fyrir árið 2012. Önnur í kjörinu varð Valdís Þóra Jónsdóttir úr Golfklúbbnum Leyni en í þriðja sæti varð hestaíþróttamaður ársins; Jakob Svavar Sigurðsson. Inga Elín átti mjög gott sundár og vann til margra verðlauna bæði á alþjóðlegum vettvangi og hér heima. Hún varð þrefaldur Íslandsmeistari auk þess sem hún setti nokkur Íslandsmet á árinu. Hún stóð sig vel á Evrópumótinu í 25 metra laug sem fram fór í Frakklandi. Hún var í landsliði Íslands á Sundmóti smáþjóða sem haldnir voru í Andorra í sumar en þar sigraði hún í þremur greinum. Í lok árs á Inga Elín 4 Íslandsmet í kvennaflokki og 4 Íslandsmet með landssveitum Íslands í boðsundi, 2 Íslandsmet í stúlknaflokki auk 25 Akranesmeta í öllum flokkum, þar af 12 Akranesmet í kvennaflokki.

Valdís Þóra er Íslandsmeistari kvenna í högggleik. Hún er Akranesmeistari kvenna í golfi og var með besta skor af öllum keppendum í meistaramóti GL. Valdís Þóra spilar fyrir Texas State háskólann í Bandaríkjunum og hefur þar náð frábærum árangri. Hún var valin kylfingur vikunnar í Golfweek í USA en hún er fyrst íslenskra kylfinga til að hljóta þann heiður.

Jakob Svavar er keppnisknapi í fremstu röð sem lætur til sín taka í öllum greinum hestaíþróttarinnar. Hann varð tvöfaldur Íslandsmeistari nú í sumar bæði í fimmgangi og í slaktaumatölti þar hann sigraði með yfirburðum. Jakob keppti í Meistaradeild VÍS þar sem hann lenti í 2. sæti. Á

Sundfélag Akraness: Inga Elín Cryer 800 m skriðsund, 400 m skriðsund og 400 m fjórsundi, Jón Þór Hallgrímsson 200 m flugsund laug og Ágúst Júlíusson 100 m flugsund



Bára að hengja upp knattspyrnubúninga ÍA

Á kjöri íþróttamanns Akraness afhentu afkomendur Báru Valdísar Pálsdóttur Íþróttabandalagi Akraness mynd eftir Baska (Bjarna Skúla Ketilsson) sem sýnir endurminningar hans af Báru að hengja upp knattspyrnubúninga ÍA. Bára vann lengst af í Bjarnalaug. Hún var mikil áhugamanneskja um íþróttir, þá sérstaklega um knattspyrnu, þar sem hún fylgdist með öllum knattspyrnuleikjum Skagamanna sem hún hafði tök á. Hún sá um þvott á öllum íþróttabúningum Skagamanna í fjölda ára.

Sigursteinn Gíslason 25. júní 1968 - 16. janúar 2012

Þann 16. janúar 2012 andaðist Sigursteinn Gíslason eftir harða baráttu við krabbamein. Hann var 43 ára gamall. Sigursteinn var einn sigursælasti knattspyrnumaður síðari ára á Íslandi. Hann lék 335 leiki fyrir ÍA og skoraði í þeim leikjum 41 mark áður en hann gekk til liðs við KR. Sigursteinn lék 22 landsleiki fyrir Íslands hönd. Hann varð 5 sinnum Íslandsmeistari með Skagaliðinu og tvisvar bikarmeistari en að auki vann hann 4 Íslandsmeistaratitla með KR og einn bikarmeistaratitil. Sigursteinn var kjörinn Íþróttamaður Akraness árið 1994 og var sama ár valinn besti leikmaðurinn í efstu deild. Eftir knattspyrnuferilinn sneri Sigursteinn sér að þjálfun en varð að hætta störfum eftir að hann greindist með krabbamein. Þann 18. júní 2011 var mikið um dýrðir á Akranesvelli þegar þúsundir mættu á sérstakan styrktarleik fyrir Sigurstein og fjölskyldu hans sem bar yfirskriftina Meistaraleikur Steina Gísla. Í leiknum mættust gamlar knattspyrnustjórnur úr ÍA og KR, sem Sigursteinn var svo sigursæll með á sínum tíma sem leikmaður, og var hann hylltur innilega af stuðningsmönnum og leikmönnum sem hann gladdi svo oft á árum áður á knattspyrnuvöllinum. Haustið 2011 var Sigursteinn sæmdur gullmerki KSÍ fyrir framlag sitt til knattspyrnunnar. Hans er minnst sem einstaklega góðs drengs, afburða knattspyrnumanns og einstaks féлага. Eftir standa hlýjar og góðar minningar um þennan brosmilda keppnismann.

Almenningsíþróttir og þrekstarfsemi ÍA

Íþróttabandalagið tók virkan þátt í ýmsum verkefnum sem miða að bættri heilsu og forvörnum. Íþróttabandalagið gerði átaksverkefnum ÍSÍ “Lífshlaupið” og “Hjólað í vinnuna” góð skil og hvatti sem flesta til að taka þátt. Skagamenn eru sífelst duglegri að nýta umhverfi bæjarins til að fara út að ganga, skokka, hjóla eða synda. Um 70 göngugarpar tóku þátt í Jónsmessugöngunni sem farin var föstudaginn 22. júní. Gönguveður var eins og best verðu á kosið og fóru allir þátttakendur alla leið á Háahnúk og nutu þar glæsilegs sólarlags. Að göngu lokinni var haldið í Jaðarsbakkalaug þar sem boðið var uppá ávexti og góð stemming var í heitu pottunum. Skemmtilegur endir á glæsilegu kvöldi. Alls tóku um 200 konur þátt í Kvennahlaupi ÍSÍ á Akranesi sem fram fór 16. júní. Hlaupið var frá Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum og sá Helena Rúnarsdóttir um upphitun fyrir hlaupið. Inga Elín Cryer íþróttamaður Akraness sá svo um að ræsa hlaupið. Hlaupin var um 3 km leið og endað uppí Skógrækt þar sem þátttakendur fengu verðlaunapening og boðið var uppá svalandi drykki og ávexti. ÍA stóð að því að bjóða uppá Fjölsport fyrir krakka í 5. – 7. bekk í samstarfi við Gaman saman hópinn í félagsmiðstöðinni Þorpinu. Fjölsport er námskeið sem sérstaklega er ætlað þeim sem eru ekki að æfa íþrótt nú þegar en langar að prufa ýmsar íþróttagreinar og vilja hafa gaman og fá góða hreyfingu í skemmtilegum hópi.

Þrekstarfsemi ÍA er sífellt að verða öflugri og aðsókn í þreksalína eykst jafnt og þétt. Í þreksölunum voru 8 sjálfstætt starfandi einkaþjálfarar, þau. Anna Lilja Valsdóttir, Anna Sigríður Reynisdóttir, Dean Martin, Elsa Jóna Björnsdóttir,





Heiðar Logi Sigtryggsson, Jóhann Pétur Hilmarsson, Kristín Halldórsdóttir og Rúna Björg Sigurðardóttir Einnig er í aðstöðu ÍA boðið uppá fjölbreytt hóptímanámskeið eins og td. BodyPump, Spinning, Zúmba, Metabolic, Pilates, þrek- og átaksnámskeið. ÍA þakkar þjálfurum, sem og öllu starfsfólki íþróttamannvirkjanna fyrir samstarfið á árinu 2012.

Aðstöðumál ÍA og samskipti við Akraneskaupstað

Víða er þörf á úrbótum í aðstöðumálum íþróttafélaganna, einkum er þörfin mikil í tengslum við ört vaxandi starf Fimleikafélags Akraness og lengi hefur verið kallað eftir bættri aðstöðu til sundiðkunar. Akraneskaupstaður kom myndarlega að uppbyggingu á 500 m² vélageymslu fyrir Golfklúbbinn Leyni. Sömuleiðs setti bærinn 20 m.kr. í uppbyggingu grasæfngasvæðis á Jaðarsbökkum með samningi við Knattspyrnufélag ÍA. Þessir fjármunir voru vel nýttir af hálfu félaganna og lögðu félagsmenn drjúga hönd á plóginn við framkvæmdirnar Akraneskaupstaður kom einnig að kaupum á fimleikabúnaði uppá um 1 m.kr.

Nýlega voru undirritaðir framkvæmdasamningar við fjögur íþróttafélög á Akranesi þ.e. við Golfklúbbinn Leyni (GL) varðandi byggingu vélaskemmu á Garðavelli að fjárhæð alls

24,0 mkr., Hestamannafélagið Dreyra (HD) um uppbyggingu reiðleiða innan sveitarfélagamarka Akraneskaupstaðar að fjárhæð alls 9,0 mkr., Knattspyrnufélag ÍA (KFÍA) um endurbyggingu æfngasvæðis á Jaðarsbökkum austan og sunnan Akraneshallar að fjárhæð alls 21,0 mkr. og Skotfélag Akraness (SKA) um uppbyggingu á aðstöðu félagsins við Berjadalsá að fjárhæð alls 3,0 mkr.

GL hóf framkvæmdir við byggingu vélaskemmu í lok árs 2011 og gerðu aðilar með sér samning um framkvæmdina sem var undirritaður 5. des. 2012. GL sér um byggingu hússins á grundvelli þess samnings. Akraneskaupstaður skuldbindur sig til að greiða á árunum 2013, 2014 og 2015 alls 24 mkr. til verksins en samkomulag er um að GL sjái um nauðsynlegar framkvæmdir til að ljúka byggingu hússins á samningstíma samnings þannig að lokið verði að fullu við vélaskemmuna eigi síðar en á árinu 2014. Hestamannafélagið Dreyri hefur byggt upp félagsaðstöðu í Æðarodda en á svæðinu er einnig hesthúsahverfi þar sem félagsmenn í Dreyra hafa byggt upp hesthús. Æðaroddi er því miðpunktur í þessari starfsemi og reiðleiðir liggja að og frá svæðinu. Ástand þessara reiðleiða er af misjöfnum gæðum og eru aðilar sammála um að brýnt sé að ráðast í úrbætur. Unnin hefur verið framkvæmdaáætlun til þriggja ára með það að markmiði að bæta og auka fjölbreytni reiðleiða og auka öryggi notenda. Samkomulag er um að Akraneskaupstaður veiti félaginu fjárhagslegan stuðning vegna þessara fyrirætlaða félagsins samtals að fjárhæð 9,0 mkr. næstu þrjú árin. Skotfélag Akraness hefur fengið afnot af landspildu austan Berjadalsár. SKA hyggst byggja upp aðstöðu á svæðinu skv. framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára og mun Akraneskaupstaður veita félaginu fjárhagslegan stuðning vegna framkvæmdanna að fjárhæð 1,0 mkr. næstu þrjú ár, þ.e. árin 2013, 2014 og 2015, samtals 3,0 mkr.

Breytingar á salarkynnum og líkamsræktarstöðu ÍA á Jaðarsbökkum heppnuðust mjög vel. Nýi þreksalurinn er að nýtast vel og hefur létt álagið á stóra þreksalnum. Endurbætur á hátíðarsalnum í Íþróttamiðstöðinni hafa bæt ásyndina til muna. Í sýningarskápunum eru til sýnis ýmsir af helstu gripum, myndum, búningum fánum og veifum er



safnast hafa til í gegnum árin og hafa mikið sögulegt og menningarlegt gildi. Fundarherbergið á svölunum hefur einnig nýst mjög vel og hentar vel fyrir minni fundi. Þrátt fyrir nokkrar fundi með bæjaryfirvöldum náðist ekki að gera nýjan íþróttasamning á milli ÍA og Akraneskaupstaðar, né heldur tókst að endurnýja leigu- og rekstrarsamning í tengslum við þrekstarfsemi ÍA. Mikilvægt er að koma á slíkum samningum og jafnframt skoða hugsanlegar lausnir í uppbyggingu íþróttamannvirkja eins og mjúkhýsi eða ódýrari lausnir en hingað til. Nauðsynlegt er að gott samráð sé með bæjarfulltrúum, sviðsstjórum og lykilstarfsmönnum bæjarins annarsvegar og fulltrúum íþróttahreyfingarinnar hinsvegar til að ræða opinskát um þarfir hreyfingarinnar og fjárhagsgetu og vilja Akraneskaupstaðar til verka. Við viljum efla Akranes sem íþróttabæ.

Fjármál ÍA

Heildartekjur aðildarfélag ÍA árið 2012 voru um 254 m.kr. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 22,5 m.kr. Samtals eru því tekjur íþróttahreyfingarinnar um 276,5 m.kr. Rúmlega 15,8 m.kr. hagnaður var af eiginlegum rekstri aðildarfélaganna. Munar þar mest um að hagnaður GL var um 12 m.kr. Tap var á rekstri Íþróttabandalagsins uppá um 1 m.kr. Eignir íþróttahreyfingarinnar eru um 209 m.kr. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 47 m.kr, þar af er fasteignamatverð í Íþróttamiðstöðinni um 21,4 m.kr. Laun og verktakagreiðslur eru lang stærsti útgjaldaliður íþróttahreyfingarinnar, 54% af heildarútgjöldum. Fjaraflanir, framlög og styrkir gefa hreyfingunni rúmar 86 m.kr. í tekjur og æfingagjöld barna- og unglinga rúmlega 51,6 m.kr. Rekstrarstyrkir Akraneskaupstaðar til ÍA árið 2012 námu samtals um 12 m.kr. sem er um 4,6% af heildarrekstrarkostnaði hreyfingarinnar. Ekki er tekið inn í rekstrarstyrki frá Akraneskaupstað reiknuð afnot íþróttahreyfingarinnar af skóla- og íþróttamannvirkjum bæjarins. Framkvæmdastjórn ÍA ákvað í upphafi árs að greiða aðildarfélagum sínum styrk að upphæð kr. 5 milljónir. Upphæðin skiptist samkvæmt sömu forsendum og úthlutun á styrk Akraneskaupstaðar til tómstundafélaga. Styrkurinn kemur án ef í góðar þarfir í því fjölbreytta íþróttastarfi sem fram fer innan vébanda ÍA. Árið 2012 voru ekki veittir neindir styrkir úr Minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar sökum þess hve úr litlu er að spila. Framkvæmdastjórn ÍA ákvað að veita Íþróttamanni Akraness, Ingu Elínu Cryer 100.000 kr. styrk í viðleitni til



að létta á þeim mikla kostnaði sem hún og fjölskylda hennar hafa þurft að bera vegna þátttöku hennar á mótum fyrir Íslands hönd.

NORI vefskráningar og greiðslukerfi

Í upphafi ársins tók ÍA í notkun félagakerfið Nóra sem heldur utan um iðkendaskráningu og greiðslu æfingagjalda. Skráning iðkenda ásamt greiðslu og dreifingu æfingagjalda fer nú fram á internetinu í gegnum Nóra. Með þessu er vonast eftir að skráning iðkenda í íþróttafélögin verði markvissari og að sumu leiti auðveldari heldur en áður hefur verið. Þetta er líka mikil hagræðing fyrir starfsmenn / sjálfbóðaliða íþróttafélaganna og auðveldar þeim þennan þátt starfsins. Alls voru um 1800 skráningar í Nóra á árinu 2012 og var stór hluti æfingagjalda innheimt í gegnum kerfið

Lokaorð

Í lok nóvember héldu Háskóli Íslands og ÍSÍ sameiginlega ráðstefnu undir yfirskriftinni “Skipta íþróttir máli?” Ráðstefnan var mjög vel sótt og gaman að sjá hversu margir voru mættir frá Akranesi, það kom reyndar ekki á óvart þar sem íþróttir eru stór hluti af daglegu lífi á Akranesi. ÍA er stærsta einstaka forvarnar- og uppeldiseiningin í bæjarfélaginu, iðkendafjöldinn er um 2.400 og sjálfbóðaliðar um 150, samtals um 2550 og er það meiri fjöldi og allir skólar bæjarins til samans. Ljóst er að íþróttir skipta miklu máli og hafa margþætt áhrif hvort sem þau er uppeldisleg, heilsufarsleg eða hagræn. Íþróttir hafa mikla þýðingu í samfélaginu hvort sem fólk stefnir að afrekum í íþróttum, tekur þátt í keppnisíþróttum, eða vill einfaldlega stunda holla og skemmtilega hreyfingu sem bæði eflir heilsu og félagsþroska. Sjálfbóðaliðar hafa byggt upp íþróttahreyfinguna um áratuga skeið, meta þar starf þeirra að verðleikum, hlúa að starfsumhverfi þeirra og létta byrðarnar. Þeirra vinna er mikilvæg fyrir alla þá sem stunda íþróttir sem og samfélagið í heild sinni. Íþróttabandalag Akraness þakkar öllum sjálfbóðaliðum og starfsmönnum íþróttahreyfingarinnar fyrir ánægjulegt og fórnfúst starf. Við þökkum sömu leiðis öllum velunnurum íþróttahreyfingarinnar á Akranesi og víðar fyrir ómetanlegan stuðning. Horfum bjartsýn til framtíðar og leggjum okkur fram um að starfa áfram af metnaði og þrótti.



Íslands- og/eða bikarmeistarar ÍA 2012

Badmintonfélag Akraness

Andri Snær Axelsson
Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir
Andri Snær Axelsson
Harpa Kristný Sturlaugsdóttir

Fimleikafélag Akraness

Aldís Inga Sigmundsdóttir
Ástrós Líf Rúnarsdóttir
Dawn Edelokun V. Simire
Elisa Petursdóttir
Elisabet Sveinbjörnsdóttir
Guðjón Snær Einarsson
Guðmundur Kári Þorgrímsson
Hanna Louisa Guðnadóttir
Harpa Rós Bjarkadóttir
Heiður Ósk Ólafsdóttir
Helgi Laxdal Aðalgeirsson
Isabella Maria V. Frederiksen
Júlia Björk Gunnarsdóttir
Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir
Salka Brynjarsdóttir
Sylvia Lyn Trahan
Unndís Ida Ingvarsdóttir
Valdís Eva Ingadóttir
Ylfa Claxton

Golfklúbburinn Leynir

Valdís Þóra Jónsdóttir

Hestamannafélagið Dreyri

Svandís Lilja Stefánsdóttir
Jakob S. Sigurðsson

Keilufélag Akraness

Guðmundur Gestur Garðarsson
Aron Fannar Benteinsson
Gunnar Ingi Guðjónsson
Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir
Kristján Arne Þórðarson

Karatefélag Akraness

Sylvía Lyn Trahan

Knattspyrnufélag ÍA

Íslandsmeistari í knattspyrnu innanhúss

- 2.flokkur kvenna.

Alexandra B. Guðmundsdóttir
Birta Stefánsdóttir
Elísa Elvarsdóttir
Emilía Halldórsdóttir
Eyrún Eiðsdóttir
Gréta Stefánsdóttir
Guðrún Valdís Jónsdóttir



69. ársþing ÍA

Hulda Brynjarsdóttir
Kristín Björk Lárusdóttir
Maren Leósdóttir
Sigríður Edda Valdimarsdóttir
Unnur Ýr Haraldsdóttir
Valgerður Helgadóttir

Íslandsmeistari í knattspyrnu innanhúss

- 2.flokkur karla

Alexander Þorláksson
Arnar Freyr Sigurðsson
Atli Albertsson
Benedikt Árnason
Gísli Gíslason
Hákon I. Einarsson
Hallur Flosason
Haukur Hjálmarsson
Helgi Ólafsson
Sverrir Mar Smáráson
Teitur Pétursson
Þórður Þ. Þórðarson

Kraftlyftingafélag Akraness

Einar Örn Guðnason

Skotfélag Akraness

Berglind Björgvinsdóttir

Sundfélag Akraness

Ágúst Júlíusson
Anna Chukwunonso Eze
Arta Haxhiajdini
Birna Sjöfn Pétursdóttir
Inga Elín Cryer
Jón Þór Hallgrímsson
Júlía Björk Gunnarsdóttir
Salome Jónsdóttir
Una Lára Lárusdóttir
Una Rakel Hafliðadóttir
Unnur Inga Karlsdóttir
Vignir Barkarson



Ungmennafélagið Skipaskagi

Íslandsmeistari í frjálsíþróttum
Jófríður Ísdís Skaftadóttir,

Íslandsmeistarar í Línudansi

Auður Árnadóttir
Björg Loftsdóttir
Eiríkur Hervarsson
Elsa Guðmundsdóttir
Friðrika Bjarnadóttir
Guðrún M. Elísdóttir
Hanna Rúna Jóhannsdóttir
Jóhannes Karl Engilbertsson
Lóa Gísladóttir
Páll Engilbertsson
Sigríður Guðjónsdóttir
Sigríður Hjartadóttir
Sigríður Ketilsdóttir
Sigrún Sigurjónsdóttir
Sigurlaug Árnadóttir
Sylvía Georgsdóttir
Þóra Ingólfadóttir



68. ársþing ÍA haldið 12. apríl 2012 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

Þingsetning

Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hann lagði til að Ellert Ingvarsson yrði þingforseti og að Jón Þór Þórðarson tæki að sér að vera fundarritari. Það var samþykkt einróma. Ellert þakkaði traustið og vonaðist eftir að þingið yrði gott og starfsamt. Hann sagðist hafa gengið úr skugga um að löglega hafi verið til þess boðað. Hann fór síðan yfir dag-skrá þingsins og kallaði eftir kjörbréfum.

Kjörbréfanefnd

Þingforseti las upp tillögu um fulltrúa í Kjörbréfanefnd þau: Laufeyju Sigurðardóttur, Önnu Bjarnadóttur og Eygló Karlsdóttur. Ekki komu fram fleiri tillögur og það þingforseti Laufeyju Sigurðardóttur að fara fyrir nefndinni og að hún tæki strax til starfa. Nefndin starfaði hratt og örugglega og gerði Laufey formaður kjörbréfanefndar grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 12 af 17 aðildarfélögum ÍA, mættir voru 32 þingfulltrúar af 70. Laufey sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og lagði til að þau yrðu samþykkt. Voru þau samþykkt samhljóða.

Skýrsla framkvæmdarstjórnar ÍA

Þingforseti gaf Sturlaugi Sturlaugssyni formanni ÍA orðið til að flytja skýrslu framkvæmdarstjórnar ÍA. Sturlaugur bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Í ræðu sinni fór Sturlaugur yfir starfsemi Íþróttabandalagsins á árinu 2011. Hann gerði grein fyrir kjörinu á íþróttamanni Akraness og þeim fjölda titla sem íþróttafólk innan raða ÍA hafi unnið á árinu. Hann kom einnig inná mikilvægi á þrekstarfsemi ÍA

sem fjárhagslegan grundvöll á starfi ÍA og mikilvægi þess að samstarf við Akraneskaupstað væri gott. Sturlaugur fór yfir hin ýmsu verkefni ÍA á árinu og þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar væru, einnig viðraði hann nokkrar atriði hugmyndir varðandi frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akranesi. Hann kom inná fjármál hreyfingarinnar sem væru sem betur fer í jafnvægi. Sturlaugur fór yfir nokkur sem hann taldi gott að hafa í huga í íþróttastarfinu. Að lokum þakkaði hann öllum fyrir ánægjulegt samstarf og fórnfúsa vinnu. Hvatti hann alla til að horfa björtum augum til framtíðar og njóta líðandi stundar.

Ársreikningar ÍA

Næst gaf þingforseti ÍA Jóni Þór Þórðarsyni íþróttafulltrúa ÍA orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA, Jón Þór gerði grein fyrir ársreikningum íþróttabandalagsins fyrir árið 2011 og skýrði þar út helstu liði. Hann fór einnig yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2012 og gerði grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 24,7 m.kr. Hagnaður var á rekstri Íþróttabandalagsins uppá um 1,7 m.kr. Það er einkum tilkomið vegna aukinnar þátttöku í þrekstarfsemi ÍA. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 48,4 m.kr, þar af er fasteignamatverð í Íþróttamiðstöðinni um 21,4 m.kr. Þingforseti þakkaði Jóni Þór fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs undir þessum lið og bar þingforseti því ársskýrslu og ársreikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.





Helga Steinunn Guðmundsdóttir, fulltrúi ÍSÍ

Sérstakir gestir frá ÍSÍ voru þær Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari ÍSÍ og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir. Helga Steinunn ávarpaði þingið, hrósaði hún ÍA fyrir mjög öflugt starf og ábyrgan rekstur. Hún kom inná að nú væri 100 ára afmælisár ÍSÍ og því gott tilefni til að huga að sögulegum hlutum og heiðra einstaklinga fyrir gott starf. Hvatti hún þingfulltrúa til að halda áfram af fullum þrótti og óskaði ÍA velfarnaðar í framtíðinni.

Umræður um ársskýrslu og reikninga

Þingforseti gaf orðið laust til umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Skafti Steinólfsson stjórnarmaður í Umf. Skipaskaga kvað sér hljóðs og bar upp ályktun þess efnis að sett yrði á fót nefnd til að skipuleggja og hvetja aðildarfélög sín til að keppa á landsmótum. Þingforseti bar ályktunina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Skattur til ÍA

Þingforseti gat þess að ÍA hefði ekki rukkað aðildarfélög sín um neinn skatt undanfarinn ár og lagði til að svo yrði áfram. Tilaga þess efnis að skattur til ÍA yrði áfram 0 var samþykkt samhljóða.

Kosning framkvæmdarstjórnar ÍA

Þá var komið að því að kjósa í framkvæmdastjórn ÍA. Þingforseti las upp tillögu til formanns og varaformanns þá Sturlaug Sturlaugsson og Ellert Ingvarsson, sú tillaga var samþykkt með lófaklappi. Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Karl Þórðarson og Laufey Sigurðardóttir. Tillaga að varamönnum þau: Halldór Fr. Jónsson og Hugl Harðarson. Þessar tillögur voru einnig samþykkt einróma. Tillaga um félagskjörna skoðunarmenn þá: Bergþór Guðmundsson og Kára Stein Reynisson, þeir voru samþykktir einróma. Tilnefning fulltrúa á ÍSÍ þing var vísað til framkvæmdastjórnar ÍA. Tillaga um stjórn Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar þau: Sturlaugur Sturlaugsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Guðlaug Sverrisdóttir, þessi tillaga var samþykkt einróma.

Þingforseti bar einnig upp tillögu þess efnis að sett yrði á fót nefnd um heildarendurskoðun á lögum ÍA. Lagt var

til að nefndina skipuðu þau: Gísli Gíslason, Ella María Gunnarsdóttir og Hörður Kári Jóhannesson, þessi tillaga var samþykkt einróma.

Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust undir önnur mál. Árni Múli Jónasson bæjarstjóri kvað sér hljóðs og óskaði ÍA til hamingju með gott starf. Innan ÍA ríkti stórhugur og metnaður, starfið væri mjög mikilvægt fyrir bæjarfélagið, það bætti lífsgæðin og væri mjög fjölskylduvænt. Árni Múli kom einnig inn á ímynd íþróttastarfsins fyrir Akranes og hugað væri að tækifærum í tengslum við aukna ferðamennsku. Í gamni sagði hann að best væri ef gestir okkar færu heim sigraðir en sælir. Að lokum ítrekaði hann þakki sínar og sagðist bera sífellt meiri virðingu fyrir starfinu.

Því næst kvað Sævar Haukdal formaður FIMA sér hljóðs. Hann vildi nota þetta tækifæri til að þakka Akraneskaupstað fyrir nýleg áhaldakaup en jafnframt ítreka mikilvægi þess að fundnar yrðu leiðir til úrbóta í aðstöðumálum félagsins. Sævar kom einnig inná viðkvæman rekstur íþróttafélaganna, styrkir væru ekki sjálfgefnir og æfingagjöld yrðu að standa undir stórum hluta af þjálfunarkostnaði. Hvatti hann til að horft yrði fram á veginn varðandi það að bæta starfs-skilyrði íþróttafélaganna.

Anna Bjarnadóttir frá Umf. Skipaskaga kvað sér hljóðs og vildi koma á framfæri að Landsmót 50 ára og eldri færi fram í Mosfellsbæ og því stutt fyrir Skagamenn á mótið. Ítrekaði hún vonir Skipaskaga um aukna þátttöku frá Akranesi á unglingalandsmót UMFÍ sem haldið yrði á Selfossi. Að lokum þakkaði hún fyrir gott þing, hvatti alla til að vera virka og taka þátt.

Þingslit

Fleir kváðu sér ekki hljóðs. Þingforseti þakkaði fyrir gott þing og fól Sturlaugi Sturlaugssyni að slíta þinginu. Sturlaugur þakkaði aðildarfélögunum fyrir sitt mikilvæga starf. Hann þakkaði fyrir góða kosningu og hlakkaði til að vinna áfram að því að bæta íþróttastarfið á Akranesi. Hann þakkaði Ellerti fyrir forsetastörfin og Jóni Þór fyrir samantektina í ársskýrslu ÍA. Óskaði hann öllum aðildarfélögunum velfarnaðar og hvatti þau til áframhaldandi góðra verka. Að lokum þakkaði Sturlaugur fyrir gott þing og sleit 68. ársþingi ÍA.



Ársskýrslur aðildarfélaganna

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í félagsheimili KFUM og K, Garðabraut 1 þann 29. mars 2012. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Ein breyting varð á stjórn félagsins frá fyrra ári. Einar O. Einarsson meðstjórnandi gaf ekki kost á sér og í hans stað kom Rannveig Guðmundsdóttir. Aðrir stjórnarmeðlimir sem sátu áfram voru Svanborg Þórdís Frostadóttir formaður, Irena Rut Jónsdóttir ritari, Kristín Halldórsdóttir gjaldkeri og Anna Kristjánsdóttir meðstjórnandi. Í nóvember ákvað Svanborg að hætta sem formaður vegna fjölskylduástanda, í hennar stað kom Birgitta Rán Ásgeirsdóttir.

Fjöldi iðkenda hefur farið aðeins fækkandi og þetta árið voru um 70 iðkendur sem skiptust í 4 flokka auk trimmara. Félagið hefur átt miklu láni að fagna undanfarin ár í þjálfaramálum og var engin breyting á því í ár. Aðalþjálfari 1. flokks var Broddi Kristjánsson. Aðalþjálfari 2., 3. og 4. flokks var Helgi Magnússon og aðstoðarþjálfarar Irena Rut Jónsdóttir, Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Halldór Axel Axelsson og Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir. Badmintonfélag Akraness stóð fyrir fjórum opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið í 29.-30. september 2012 þar sem keppt var í meistara-, A og B flokki fullorðinna. Grislingamótið var haldið í janúar 2013 þar sem eingöngu er keppt í flokki U-11 og svo Landsbankamót ÍA, unglíngamót sem haldið var 11.-12. febrúar 2013. Íslandsmótið var svo haldið í samvinnu við Badmintonsamband Íslands 15.-17. mars 2013. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig og var árangur keppenda góður.

Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglínga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Góður árangur hefur náðst, krakkarnir hafa tekið miklum framförum og unnið til fjölda verðlauna á mótunum. Akranesmeistaramótið var haldið sunnudaginn 13. maí og var þátttaka góð í einliðaleik og í fjölskylduflokkum í tvíliðaleik. Lokahóf félagsins fór fram á Jaðarsbökkum um kvöldið og voru þar krýndir Akranesmeistarar ásamt því að veitt voru verðlaun fyrir ástundun, framfarir, spilara ársins og besta æfingafélagann. Mikil sátt ríkir um það þó iðkendur vilji aðeins æfa en sleppa keppnum og opnir æfingatímar á sunnudögum hafa verið mjög vel nýttir og ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar. Egill Guðlaugsson var valinn spilari ársins á lokahóf félagsins í maí 2012.

Stærsta badmintonmót ársins, Íslandsmót unglínga var haldið á Akranesi þetta árið þann 15. – 17. mars s.l. og tókst það með öllu mjög vel. Alls voru rúmlega 200 keppendur á mótinu og sendi ÍA 28 keppendur til að keppa og stóðu þau sig öll mjög vel og unnu þau mörg verðlaun. Við eigum 4 Íslandsmeistara og fengum 5 silfur. Íslandsmeistarar félagsins í ár eru : Andri Snær Axelsson sem vann gull í einliða, tvíliða og tvenndarleik og er þar með þrefaldur Íslandsmeistari í U-13. Davíð Örn Harðarson sem vann gull í tvíliða í U-13. Harpa Kristný Sturlaugsdóttir sem vann gull í tvenndar í U-13

og Steinar Bragi Gunnarsson sem vann gull í tvíliða í U-15. Næsta stórmót er Meistaramót Íslands, 12.-14. apríl n.k. en þar munu allir elstu og bestu keppendur félagsins taka þátt. Síðasta mót ársins er svo Akranesmeistaramótið en það verður haldið þann 12. maí n.k., sem lýkur svo með lokahófi félagsins að vanda.

Eins og undanfarin ár átti félagið marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins. Í A-landsliðshópnum eru Ragnar Harðarson og Egill Guðlaugsson, en hann tók þátt í Evrópumóti landsliða karla og kvenna. Í U19 og U17 landsliðshóp er Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Halldór Axel Axelsson, Helgi Grétar Gunnarsson og Daníel Þór Heimisson. Í U13 og U15 æfingaúrtakshóp eru Andri Snær Axelsson, Steinar Bragi Gunnarsson, Matthías Finnur Vignisson, Davíð Örn Harðarson, Árni Teitur Þrastarson, Elvar Már Sturlaugsson, Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir, Harpa Kristný Sturlaugsdóttir og Dalrós Sara Jóhannsdóttir.

Sameiginlegar æfingabúðir Færeyja, Grænlands og Íslands voru haldnar í Vestmanna í Færeyjum í vikutíma í júlí og þar átti félagið þrjá fulltrúa sem valdir voru til þátttöku af landsliðsþjálfara. Þetta voru þau Andri Snær Axelsson, Elvar Már Sturlaugsson og Irena Rut Jónsdóttir sem þjálfari. Sumarskóli Badminton Europe var haldinn í Otocec í Slóveníu í júlí og fóru 6 þátttakendur frá Íslandi ásamt þjálfara. Einn úr hópnum kemur frá Badmintonfélagi Akraness og er það Helgi Grétar Gunnarsson.

Almennur rekstur félagsins var rekinn með u.þ.b 60 þúsund kr. hagnaði í ár. Auk æfingagjalda voru helstu fjáraflanir eldhús- og salernispappírsala og dagatal. Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur að halda nokkuð lágum undanfarin ár. Félagið þakkar kærlega fyrir stuðning Landsbanka Íslands á Akranesi, Akraneskaupstaðar og ÍA sem er félaginu mjög mikilvægur.



Blakfélagsið Bresi

Starfsemi blakfélagsins Bresa var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Aðalfundur var haldinn í apríl í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum og var mæting frekar dræm. Stjórn blakfélagsins Bresa er þannig skipuð; Ragnheiður Ragnarsdóttir gjaldkeri, Jóna Olsen ritari og Erna Sigurðardóttir gaf kost á sér sem formaður og gengdi því hlutveki fram á haust en það um að fá að hætta vegna persónulegra ástæðna. Endurskoðendur eru Eygló Karlsdóttir og Harpa Þráinsdóttir. Skráðir félagar eru 25.

Æfingar hófust um mánaðarmótin ágúst/september að fullum krafti líkt og undanfarin ár og æft var á Jaðarsbökkum. Æfingar fyrir karla og konur eru á mánudögum kl:20:30 og á fimmtudögum kl:20:00.

Bresi sendi eitt lið til leiks í 3. deild Íslandsmótsins í blaki veturinn 2012-2013 og eitt lið í 5. deild. Leikið var í turneringum. 3 deildar liðið lenti í 2. sæti og 5 deildarliðið náði öðru sæti og fer upp í 4 deild. Í 5 deild eru það 2 lið sem komast upp en aðeins eitt lið í 3 deild.

Hraðmót

Hk trimm 2 lið:	3 sæti í 1. deild, 3 sæti í 2. deild
Þorramót Aftureldingar	1 sæti í 1. deild
Bresamót	4 sæti í 1. deild
Stjörnumót	2 sæti í 1. deild

Bresamót/Bresamótið fór fram 3. mars 2012 í íþóttahúsinu á Jaðarsbökkum. 10 kvennalið og 6 karlalið tóku þátt. Framkvæmdin gekk vel og tókst vel að láta karla og kvenna lið spila til skiptis.

37. öldungarmót BLÍ var haldið á Tröllaskaga 28-30 apríl 2012 (Hyrnar, Súlur og Rimar). Spilað var á Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík á 9 völlum. Árangur var eftirfarandi 5 deild 5. sæti, 3 deild 1. sæti. Þess má geta að liðið í 3ju deild fór upp í 2 deild.



Fimleikafélag Akraness

Stjórn FIMA skipaðu: Sævar Haukdal formaður, Hjörtur Hróðmarsson varaformaður, Pálmi Haraldsson gjaldkeri, Margrét Kristinsdóttir ritari og Bjarki Jóhannesson meðstjórnandi. Yfirþjálfari félagsins er Zoltan Demény og tók hann að sér aukin verkefni í tengslum við faglegt starf félagsins og innheimtu æfingagjalda. Þetta hefur skilað sér í bættu starfi lyfti Zoltan grettistaki í innheimtumálum félagsins. Nýtt innheimtukerfi hjá ÍA, Nóri, skipar stóran sess í þessum efnum hefur bætt eftirlit og yfirsýn.

Aðhald undanfarina ára er farið að skila sér og rekstur félagsins er nú í ágætu jafnvægi. Tekjur ársins voru ríflega 19,1 m.kr. Gjöld rúmlega 17,5 m.kr. Hagnaður félagsins árið 2012 er 1,6 milljónir. Helstu styrktaraðilar félagsins á árinu voru Norðurál og Íslandsbanki en því til viðbótar kom mikilvægt framlag frá Íþróttabandalaginu sem og mjög mikilvægur stuðningur frá Akraneskaupstað, þar kom bæjarfélagið myndarlega að því að bæta úr brýnni þörf á endurnýjun hluta af áhöldum félagsins. Þessi stuðningur er mikilvægur þar sem samantölgð æfingagjöld standa ekki undir þjálfunarkostnaði.

Heildar iðkenda fjöldi innan raða FIMA er í kringum 350. Iðkenda fjöldi í yngstu hópunum heldur áfram að aukast og brottfall eldri iðkenda fer minnkandi. Parkour er í mikilli sókn og íþróttaskóli fyrir 2 – 5 ára nýtur ávalt mikilla vinsælda. Nú eru starfandi hjá félaginu 27 þjálfarar sem sinna þjálfun í fimleikum, parkour og íþróttaskóla. Starfsemi félagsins spannar 9 – 10 mánuði af árinu. Menntun þjálfara hefur gengið vel undanfarin ár margir lant komnir með FSÍ þjálfunina. Aðstöðuleysi hamlar mjög starfsemi félagsins og óásætlanlegt hversu margar æfingar falla niður vegna viðburða í íþróttahúsinu við Vesturgötu. Mikill tími og orka fer í uppsetningu og frágang áhalda í hvert skipi jafnframt því sem geymslupláss áhalda er orðið of lítið og finna þarf lausnir á því. Vonandi verður nýtt fimleikahús að veruleika fyrr en síðar.

FIMA átti fjölmarga keppnishópa í hóp fimleikum á árinu 2012. Árangur keppnishópa er stöðugt að batna. Alls unnust 39 verðlaun keppnishópa á Íslandsmóti unglinga og Haustmóti





FSÍ. Íslandsmeistaramótið í almennum fimleikum fór fram helgina 9. - 11. nóvember í íþróttahúsinu við Vesturgötu og var í umsjón FIMA. Mótið var mjög vel sótt, um 300 keppendur frá 9 félögum mættu til leiks. Keppendum var skipt upp eftir aldri og eftir getu í A og B flokka, keppt var í gólfæfingum, dýnustökki, trampolínstökki og stökki yfir hest, auk þess sem keppt var í fjölþraut. Árangur FIMA var glæsilegur, td. Ástrós Líf Rúnarsdóttir Íslandsmeistari í A-flokki 17 ára og eldri. Á árinu vann fimleikafólk FIMA til 45 Íslandsmeistaratitla, auk margra sigra í liðakeppnum. Ljóst er að framtíðin er björt hjá Fimleikafélagi Akraness.

FIMA tilnefndi Guðjón Snær Einarsson sem fimleikamann ársins. Guðjón Snær er íslandsmeistari í fjölþraut og á öllum áhöldum í sínum flokki, sýndi hann glæsileg tilþrif á liðnu ári. Hann framkvæmir erfiðustu stökkin sem gerð eru hjá fimleikafélaginu, stökkin sem hann framkvæmir eru mörg sambærileg flóknustu keppnisstökkum íslenska landsliðsins. Guðjón stundar sínar æfingar vel og af miklum metnaði, ef hann heldur áfram á sömu braut bindum við vonir um að hann muni jafnvel keppa fyrir hönd landsliðsins í framtíðinni.

Golfklúbburinn Leynir

Golfsumarið 2012 var með hefðbundnu sniði, skráðir spilaðir hringir voru færri á Garðavelli samanborið við árið áður og er það annað árið í röð sem fækkun verður á spilðum hringjum frá metárinu 2010. Ástand Garðavallar var yfir höfuð gott í sumar, eldri grín vallarins báru þess þó greinilega merki huga þarf að enduruppbyggingu þeirra. Það sem stóð uppúr varðandi undangengið golfsumar var það að Valdís Þóra Jónsdóttir afrekskyllingur okkar Leynismanna bar sigur úr þítum á Íslandsmótinu í höggleik sem fram fór á Strandarvelli á Hellu og var þetta annar Íslandsmeistaratitill Valdísar.

Rekstur klúbbsins var með svipuðu sniði og síðastliðið ár, lánamál kominn í þokkalegt horf og rekstarafgangur með ágæt-

um. Það sem stendur uppúr varðandi rekstur klúbbsins á árinu var að góð afkoma á undanförunum árum var nýtt til byggingar á nýrri vélaskemmu með ágættri aðkomu Akraneskaupstaðar.

Á aðalfundi GL þann 7. desember 2011 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2012. Úr stjórn gengu: Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson, stjórnarmenn til tveggja ára: Halldór Hallgrímsson og Eiríkur Jónsson, varamaður til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir. Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2012 voru: Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson, stjórnarmenn til tveggja ára: Hannes Ellertsson og Eiríkur Jónsson, varamaður í stjórn til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir. Áfram sátu Hörður Jóhannesson og Tryggvi Bjarnason, kosnir til 2 ára.

Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 17 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða. Haldinn var einn félagsfundur á árinu og var á þeim fundi tíundaðar samningsviðræður stjórnar GL við stjórn GR um möguleika á áframhaldandi samstarfi klubbanna, lögð var fram tillaga stjórnar GL er vörðuðu mögulegan nýjan samning milli klubbanna ennfremur var rætt á fundinum sú staðreynd að við Leynismenn tókum formlega við rekstri vallarins á nýjan leik um áramót. Stjórnin stóð einnig að viðhorfskönnun nú á haustmánuðum, er það mat stjórnar að vel tókst til og þetta sé góður vetvangur fyrir félagsmenn að láta í ljós skoðun sína á hinum ýmsu þáttum er varða rekstur klúbbsins. Einnig var haldinn fundur nú í haust með svokölluðum þjóðfundarstíl þar sem framtíðaráform voru rædd og skoðaður var vilji félagsmanna með ýmislegt er tengist rekstri klúbbsins. Það er mat stjórnar að þessar leiðir séu kjörnar til þess að fá fram skoðanir og vilja félagsmanna og nýta þetta tæki til þess að gera umgjörðina og starfið enn betra. Mikill tími stjórnar fór í umræður og svo viðræður við Golfklúbb Reykjavíkur um möguleika á áframhaldandi samstarfi milli aðila eftir að núverandi samningur rennur út um áramót. Stjórn Leynis hélt almennan félagsfund þar sem samskipti og samningaumleitarnir voru tíundaðar og kynntar fyrir félagsmönnum. Megin niðurstaða þeirra viðræðna voru á þá leið að stjórn GR hafnaði, án nokkurra frekari viðræðna, þeim hugmyndum sem stjórn GL lagði fram og þar við situr. Störf nefnda. Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2012. Starfandi nefndir voru Barna- og unglinganefnd, afreksnefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, aganefnd, öldunganefnd karla og mótanefnd.

Framkvæmdir við vélaskemmu fóru á fullt skrið við upphaf rekstrarársins og var framkvæmdanefnd kjörin sem Halldór Hallgrímsson veitti forstöðu. Vélaskemman er nú orðin rúmlega fokheld og næst liggur fyrir að leggja rafmagn í bygginguna. Stjórn GL er gríðarlega ánægð og stolt af því hversu vel félagsmenn tóku þátt í framkvæmdinni með sjálfboðaliðaframtaki og ber öllum þeim sem lögðu hönd á plóg að þakka sérstaklega. Á haustmánuðum hóf stjórn GL viðræður við Akraneskaupstað um frekari fjárhagslegri aðkomu að byggingu vélaskemmunar. Framkvæmdaráð Akraneskaupstaðar samþykkti nú á dögum að leggja til við Bæjarráð að gera þriggja ára samning við GL um vélaskemm-

una og lagt var til að um 8 milljón krónu árlegt framlag yrði að ræða.

Stjórn GL lítur björtum augum á komandi ár, völlurinn hefur fengið mikla og góða kynningu á undanförunum árum og fjármál klúbbsins eru komin í viðráðanlegra horf. Með því að nýta þann meðbyr sem völlurinn okkar, Garðavöllur, hefur og þann kraft og áhuga sem stjórnin finnur í félagsmönnum klúbbsins þá vex það okkur ekki augum að taka á nýjan leik við rekstri vallarins.

Samstarfssamningur við GR

Fimmta sumar samstarfs GL og GR gekk ágætlega fyrir sig, samskipti með ágætum og var almenn ánægja með umhirðu vallarins og ástand. Töluverð samskipti, bæði formleg og óformleg, voru milli forsvarsmanna klúbbanna og var það að mestu um lokin á samningnum og mögulegt frekara samstarf. Ljóst er að samningurinn rennur út um áramót og eru samskipti á milli klúbbanna um formlégan frágang á þeim samningi. Varðandi frekara samstarf þá verður að koma í ljós í vetur hvort og þá hvernig mögulegt samstarf gæti litið út en engar viðræður eru þess efnis sem stendur.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra var kjörin Íþróttamaður Akraness í byrjun árs 2012, fimmta árið í röð. Valdís Þóra kom seinna heim til Íslands úr námi en áður en var eftir sem áður í fremstu röð í þeim verkefnum sem hún tók þátt í. Hæst ber að sjálfsögðu stórglæsilegur sigur hennar á Íslandsmótnu í högggleik sem haldið var á Strandarvelli á Hellu. Valdís Þóra tók þátt sem endranær í landsliðsverkefnum á vegum GSÍ í sumar og stóð sig vel. Valdís Þóra er stolt okkar Leynis félaga í keppnisgolfi á Íslandi og hefur þannig verið undanfarin ár og hefur haldið merki okkar vel á lofti hvar sem hún hefur tíað niður kúlu.

Unglingarnir okkar tóku þátt í hinum ýmsu verkefnum í sumar, meðal annars á Íslandsmótnu í högggleik og holukeppni sem og í sveitakeppni unglunga var árangur okkar fólks ágætt og ljóst má vera að framtíðin er björt á þeim vígstöðvum. GL sendi sveit karla og kvenna til leiks í Sveitakeppni GSÍ. Karlarnir léku í 1. deild sem fram fór á Leirunni í Suðurnesjum. Liði lék ágætlega á köflum en niðurstaðan var fall í 2.deild. Konurnar léku í 2.deild á Ólafsfyrði og var niðurstaðan sú að stelpurnar enduðu í 3 sæti og leika því í 2. deild aftur að ári. Leynir sendi karlasveit öldunga til þátttöku í sveitakeppni 55 ára og eldri lék sveitin í Stykkishólmi, sveitinni gekk ágætlega og endaði í 5. sæti.

Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fjölgaði á árinu 2012 úr 371 niður í 382. Golfklúbburinn Leynir er 11 stærsti klúbbur landsins á er félagafjöldi varðar. Á Vesturlandi eru 9 klúbbar og heildarfjöldi félagsmanna 998, GL er stærsti klúbbur Vesturlands með rúmlega þriðjung félagsmanna skráða innan sinna vébanda. Alls eru 65 klúbbar skráðir á landinu og heildar fjöldi skráðra félaga innan vébanda GSI eru 16.641. Þegar skoðað er hvaða fjölda félagsmanna klúbbur getur borið sem hefur 18 holar til umræða er oft miðað við um það bil 1.000 félaga. Séu félagsmenn almennt virkir og stutt tímabil eins og raunin er hér á Íslandi þá er hæfilegur félagafjöldi talinn vera í kringum 700,



bæði hvað varðar aðgengi að velli og góðan rekstrargrundvöll. Skipting félagsmanna niður í aldurshópa er nokkuð í takt við aldursskiptingu kylfinga á landsvísu, þó eru heldur færri kylfingar 50 ára og eldri heldur en á landsvísu og á móti fleiri kylfingar í aldurshópnum undir 20 ára. Nokkuð sláandi er sú staðreynd að fjöldi meðlima á bilinu 21-30 ára séu einungis 4%. Skipting félagsmanna niður á konur, karla og unglunga er eftirfarandi. Hlutfall kvenna hefur farið niður úr 23% á árinu 2011 niður í 19% í ár eftir stöðugan vöxt undanfarinna ára, mikið og gott starf er unnið innan kvennanefndar klúbbsins og vonandi skilar sú góða vinna herra hlutfalli kvenna af félagsmönnum á næstu árum. Aukinnar þátttöku er var í unglingastarfi klúbbsins og er það vel uppá þróun til framtíðar

Mótahald

Mótahald gekk mjög vel sumarið 2012 og var starf mótanefndar þetta árið sem hingað til mikillar fyrirmyndar. Haldin voru 54 mót og voru þátttakendur í þeim mótum spilaðir 1.957 hringir. Þessi mikla þátttaka sem var í mótum GL skýrist að einhverju leiti af þeirri góðu reynslu sem komin er á mótaraðir sem settar hafa verið upp, t.a.m. miðvikudagsmótin, gráa mótaraðin og hvíta mótaraðin. Einnig eru opnu mótin okkar orðin fastur liður í starfi okkar og þekkt fyrir ágætis verðlaun. GL hélt 6 opin mót í sumar og voru þau vel sótt. Leiknar voru nokkrar mótaraðir sem styrktar voru meðal annars af HB Granda og Landsbankanum. Eins og fyrr sagði var þátttaka í mótum var mjög góð og hefur verið tekinn saman listi hér að neðan yfir þá kylfinga sem hvað öflugastir voru að mæta í mótin.

Meistaramót Leynis var haldið dagana 10. – 14. júlí. Þátttakan var góð og tóku 107 félagsmenn þátt. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal Íþróttabandalagsins eins og árin á undan og bornar voru fram veitingar frá Galito. Klúbbameistarar urðu eftirfarandi:

- Meistaraflokkur karla: 1. Helgi Dan Steinsson 303
Meistaraflokkur kvenna: 1. Valdís Þóra Jónsdóttir 302
1. flokkur Karla: 1. Sindri Snær Alfredsson 309
1. flokkur Kvenna: 1. Elín Dröfn Valsdóttir 367
2. flokkur karla: 1. Guðmundur Sigurbjörnsson 333
2. flokkur kvenna: 1. Ella María Gunnarsdóttir 414
3. flokkur karla: 1. Halldór Karvel Bjarnason 357

4. flokkur karla: 1. Jón Gunnar Axelsson 446

Karlar 55+: 1. Jón Elís Pétursson 257

Konur 50+: 1. Jenný Sigurðardóttir 279

Mótanefnd á miklar þakkir skildar fyrir frábærlega unnin störf í sumar enda ber fjöldi móta, þátttaka og tekjuöflun mótanna glögg með sér að byggt er ofan á gott starf og reynslu árána á undan.

Framkvæmdir á árinu 2011

Lítið var um stórfamkvæmdir á vellinum sjálfum á árinu þar sem mestur kraftur var settur í byggingu vélaskemmunnar. 2. brautinni var lítillega breytt í tengslum við framkvæmdir við vélaskemmuna, mön var sett upp og vegur færður til suðurs. Svæði fyrir framan tjörnina á 4. braut var grafið upp og sett drenlög til að þurrka upp svæði þar sem vatnslögn bæjarins liggur í gegnum brautina svo voru nýjir teigar byggðir upp á 9. braut.

Rekstur Golfklúbbsins Leynis árið 2011

Efnahagur klúbbsins tók stakkaskiptum á árinu 2011 í kjölfar endurútreiknings á lánum klúbbsins og sýndi það sig að það borgaði sig að hafa lánið í skilum og vera í virkum og góðum samskiptum við lánadrottinn. Rekstrarafkoma klúbbsins hefur batnað með hverju árinu og svo var raunin einnig á árinu 2012 en rekstrarhagnaður reiknaðist 15,8 milljónir króna og munar þar mestu um 20% aukningu í tekjum af golfmótum sem og aukin félagsgjöld. Tekjur ársins voru tæpar 36 milljónir eða 5% yfir rekstraráætlun á meðan rekstrargjöld voru í línu við rekstraráætlun fyrir árið. Þegar heildar niðurstaða ársins 2012 er skoðuð þá er reiknaður hagnaður ársins 12,4 milljónir. Efnahagur klúbbsins lítur vel út um þessar mundir og standa skuldir klúbbsins nú í um 20 milljónum, það lán sem klúbburinn er með er til tiltölulega skamms tíma en kjörin á því eru góð, eða Seðlabankavextir sem settir voru á lánið í kjölfar endurútreiknings á árinu 2011. Framkvæmdir við vélaskemmu voru færðar beint á efnahag og hefur framkvæmdin hingað til kostað rúmar 45 milljónir og á móti því kemur framlag Akraneskaupstaðar uppá 20 milljónir. Sjóðsstaða klúbbsins er frekar lág og helgast það af því lengra var gengið í framkvæmdum við vélaskemmuna heldur en áætlun stóð til um og ákveðnir óvissuþættir í framkvæmdinni reyndust dýrari þegar á reyndi. Staða klúbbsins er um þessar mundir er með ágætum og er það mat stjórnar að við séum vel í stakk búin til þess að taka við rekstri vallarins á árinu 2013. Það markmið stjórnar að halda áfram að draga úr skuldum er enn í fullu gildi og til lengri tíma eigum við að geta rekið klúbbinn okkar skuldlausan komi ekki upp einhverjar meiriháttar framkvæmdir.

Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2012 voru 3. Gylfi Sigurðsson framkvæmdarstjóri, Karl Ómar Karlsson Íþróttastjóri og golfkennari og Magnús Sigurðsson sem aðstoðaði Karl Ómar við barna og unglingastarfið. Gylfi er eins og áður í hlutastarfi yfir vetrarmánuðina en í fullu starfi yfir sumartímann. Karl Ómar sinnti barna og unglingastarfinu innan klúbbsins eins og undanfarin ár einnig kom hann að starfi afreksskyflinga. Öflugt barna og unglingastarf er klúbbi eins og GL nauðsynlegt til framtíðar, GL hefur í gegnum tíðina alið af sér golfara á lands-



mælikvarða, í dag er mikill efniviður ungra kylfinga í starfinu og verður það spennandi að fylgjast með þeim vaxa og dafna í íþróttinni á komandi árum. Nú þegar klúbburinn tekur á nýjan leik við rekstri vallarins mun stjórn sú er kjörin verður á þessum aðalfundi setjast yfir það með hvaða hætti reksturinn verður skipulagður og í hvaða stöður þarf að ráða starfsfólk til að mæta auknu utnumhaldi er varðar rekstur klúbbsins.

Umferð um Garðavöll

Fækkun varð á skráðum hringjum á vellinum frá árinu 2011. Leiknir voru 16.812 hringir skv. skráðum rástímum og 1957 mótahringir. Samtals gerir þetta 18.769 hringir. Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur skv. skráningum: 2008: 17.231 hringir, 2009: 16.975 hringir, 2010: 22.500 hringir, 2011: 19.617 hringir og 2012: 18.639 hringir. Hringir GL félaga voru skráðir 6869 og er það fjölgun um 500 hringi frá árinu áður og stærstur hluti leikninna hringja á mótum GL eða um 8.800 hringir spilaðir af GL meðlimum. Stjórn GL endurnýjaði samning við Golfklúbb Borgarness um ódýrara spil fyrir félaga í GL sumarið 2012. Góð nýting var á þessum samningi og greiddi Leynir fyrir 180 hringi á Hamarsvelli á árinu.

Samskipti við Akraneskaupstað

Áframhald var á góðu samstarfi milli Akraneskaupstaðar og klúbbsins á árinu eins og undanfarin ár, samningur um byggingu vélaskemmu var undirritaður 5. desember 2011 síðastliðinn ennfremur var nú á haustdögum samþykkt innan Framkvæmdaráðs Akraneskaupstaðar tillaga að nýjum þriggja ára samningi milli aðila um að Akraneskaupstaður styrki klúbbinn um sem nemur 8 milljónum árlega næstu þrjú árin til að byggja vélaskemmuna frekar upp, er sú tillaga nú til meðferðar innan bæjarins. Sá stuðningur sem Akraneskaupstaður hefur veitt klúbbnum í gegnum tíðina er gríðarlega mikilvægur fyrir klúbbinn til frambúðar og ánægjulegt að sjá vilja Akraneskaupstaðar í verki með dyggri aðstoð þeirra í því erfiða árferði sem er um þessar mundir.

Styrktaraðilar

Stór hluti af rekstri Golfklúbbsins Leynis að treysta á stuðning frá styrktaraðilum og velgjörðamönnum klúbbsins. Helsti styrktaraðili klúbbsins er Akraneskaupstaður og hefur GL treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins og þátttöku í ýmsum framkvæmdum. Almennur rekstur klúbbsins hefur notið góðs að mörgun góðum styrktaraðilum og ber þar að nefna Landsbanka Íslands sem hefur verið einn aðal styrktaraðili barna og unglingastarfsins undanfarin ár. Norðurál styrkir starfið einnig sem og Sjóva, Húsasmiðjan, Bónus, Síminn, Guðmundur B Hannah og Verslunin Bjarg. Auk þessara aðila styrkti HB Grandi mótarið hjá GL í sumar. Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar sem nánar er getið í skýrslum nefnda. Stjórn GL vill ítreka sínar þakkar við þann stuðning sem þessir aðilar sem og fjölmargir hafa veitt klúbbum á árinu.

Lokaorð

47. rekstrarári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Almennt gekk félagsstarfið vel hjá Leyni á árinu 2012, þátttaka félagsmanna í mótum var góð og leiknir hringir af hálfu félagsmanna voru um 500 fleiri en árið áður eða um 8.800 hringir. Á árinu 2012 voru haldin heldur færri mót en á árinu á undan en fleiri opin mót voru haldin, tekjuöflun í gegnum mótahald óx verulega og er það þriðja árið í röð sem aukning er í tekjum fyrir klúbbinn tengdum mótahaldi. Starf mótanefndar, gott utnumhald og skipulag nefndarinnar í þeim mótum og mótariðum sem haldin voru á árinu er hornsteinninn í því að vel megi ganga í þeim efnum. Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur við ánægju félagsmanna við ástundund íþróttarinnar. Félagsstarfið er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins. Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal haldið í hávegum í klúbbi eins og GL. Sérstaklega er ánægjulegt hversu vel félagsmenn tóku því er til þeirra var leitað um sjálfbodavinnu við byggingu vélaskemmunar. Fyrir klúbb eins og okkar eru svo öflugir félagsmenn milljóna virði.

Valdís Þóra var sem fyrr í fremstu röð í kvennagolfinu, vann sinn annan Íslandsmeistaratitil í högggleik og er Valdís vel að þeim titli komin. Hún tók þátt í landsliðsverkefnum á vegum GSÍ og stóð sig mjög vel á þeim vetvangi. Karlasveit Leynis féll úr 1.deild í sveitakeppni GSÍ og kvennasveit Leynis endaði í 3.sæti í 2.deild sveitakeppni. Barna og unglingastarf GL var í miklum blóma og var fjölmennur hópur barna og unglinga sem stunduðu golf. Í hönd fer ár þar sem klúbburinn tekur við rekstri vallarins á nýjan leik, það verkefni er vissulega krefjandi og mikil áskorun. En með góða bakhjarla og öfluga sveit félagsmanna vex það stjórn klúbbsins ekki í augum að takast á við þá áskorun. Stjórn GL vil að lokum þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir gott samstarf á rekstrarárinu 2012.

Hestamannafélagið Dreyri

Stjórn hestamannafélagsins, s.l. starfsár: Formaður: Stefán G. Ármannsson, varaformaður: Valdimar Ólafsson, ritari: Samúel Þorsteinsson, gjaldkeri: Inga Ósk Jónsdóttir, meðstjórnandi: Jón Ottesen, varamenn: Krístín Frímansdóttir og Sigurður Ólafsson

Stjórnin fundaði 11 sinnum formlega en þar fyrir utan voru ótal mál rædd í gegnum tölvu og síma. Nokkrir fundir voru haldnir með nefndum félagsins vegna ýmissa mála. Stjórn hefur einnig verið í samskiptum og á fundum með bæjaryfirvöldum á Akranesi vegna ýmissa mála, svo og Vegagerð, við Hvalfjarðarsveit vegna skipulagsmála er tengjast reiðvegagerð og að ótöldum ýmisskonar samskiptum við önnur hestamannafélög t.d á Vesturlandi. Boðað var til fundar með nefndum í upphafi starfsárs til að fara yfir starfið og hvað væri framundan. Mæting var með ágætum og alveg greinilegt að áhugi fyrir félagsstarfinu er að aukast svo að um munar. Stjórnarstarfið hefur gengið vel og kjörnir varamenn verið boðaðir á fundi til að efla starfið frekar og virkja hvert mannafl. Félagsmenn í hestamannafélaginu Dreyra eru 224 og hefur fjölgað um 17 frá síðasta aðalfundi.

Vetrarstarfið byrjaði strax í janúar með skipulögðum námskeiðum og kynningarfundum hjá æskulýðsnefnd og fræðslunefnd. Síðan rak hver viðburðurinn annan fram á vor s.s laugardagsreiðtúrar, reiðnámskeið, vetrarmót, Góugleði, aðrir gleðifundir, Páskatölt, kynjareið og hin árlega Langasandreið á sumardaginn fyrsta. Dreyri var aðili að undirbúningi Vesturlandssýningar sem var haldin í reiðhöllinni í Faxaborg í apríl ásamt Faxe í Borgarfirði, Skugga í Borgarnesi, Snæfellingi á Snæfellsnesi og Glað í Dölum og Hrossaræktarsamband Vesturlands. Fulltrúi Dreyra í undirbúningsstarfinu var Valdimar Ólafsson og færur við honum þakkar fyrir sitt framlag. Vesturlandssýning verður aftur haldin á þessu ári (23.03.2013) og vonar stjórn Dreyra að félagar sínir verði duglegir við undirbúning og sérstaklega er vonast eftir börnum og unglingum Dreyra á þá sýningu. Firmakeppnin var að venju á sínum stað þann 1. maí. Ágæt þátttaka var í keppninni í flestum flokkum. Fyrirtæki og ein-



staklingar styrktu félagið með nokkuð góðu móti, en öllum þeim sem styrktu félagið og aðstoðuðu á annan hátt, t.d með köku- og tertuframlagi, eru færðar bestu þakkir fyrir.

Úrtaka fyrir Landsmót 2012 var haldin sameiginlega af Hestamannafélögunum á Vesturlandi á félagssvæði Skugga í Borgarnesi þann 9. júní. Til þátttöku á Landsmóti, sem haldið var á Fákssvæðinu í Víðadalnum í júlíbyrjun, fóru Logi Örn í barnaflokk, Svandís Lilja og Viktoría Gunnarsdóttir í unglingaflokk og Símon Orri Sævarsson í ungmennaflokk. Í A - flokk gæðinga fóru Váli frá Eystra- Súlunesi og Laufi frá Bakka og í B – flokk gæðinga fóru Týr frá Þverá ll og Ösp frá Akarakoti fyrir hönd félagsins. Svandís komst upp úr sérstakri forkeppni og inn í milliriðla mótsins. Undirbúningsnefnd Landsmóts óskaði eftir sjálfboðaliðum til starfa á landsmótinu úr röðum hestamannafélaga og var það Ásta Marý Stefánsdóttir sem bauð sig fram fyrir Dreyra hönd. Takk fyrir það Ásta Marý.

Gæðingamót Dreyra var haldið í Æðarodda 14.07 Var þátttaka fremur dræm en besti knapinn var valinn Svandís Lilja Stefánsdóttir af dómurum. Glæsilegasti hesturinn var Bruni frá Akranesi eig/knapi Sigríður Helga Sigurðardóttir. Unglingar fl.:1.sæti Svandís Lilja Stefánsdóttir og Brjánn frá Eystra-Súlunesi. A-flokkur gæðinga: 1. sæti Niður frá Miðsiti og Ólafur Guðmundsson. B-flokkur: 1. sæti Bruni frá Akranesi og Sigríður Helga Sigurðardóttir. Mótanefnd Dreyra hélt opið íþróttamót í lok ágúst. Undirbúningur var talsverður fyrir mótið en svæðið var snyrt og völlur mikið lagfærður. Hann var hefllaður, borið var ofan í hann og girðing umhverfis hann endurnýjuð og staurar málaðir. Mótið gekk með hreinum ágætum og tókst vel í alla staði. Stjórn Dreyra og mótanefnd þakkar kærlega þeim félagsmönnum sem komu að þessu verki, bæði undirbúningi og að mótinu sjálfu, þó vissulega mættu fleiri gefa kost á sér við slík störf.

Æskulýðsnefndin okkar var ekkert að tvínóna við hlutina í ár og skipulagði ásamt öðru fyrirmyndarstarfi, 3ja daga ferð í júní á Þingeyrar í Húnavatnssýslu líkt og árið áður með börn og unglinga úr félaginu, ásamt eldra fylgdarfolki úr röðum foreldra og æskulýðsnefndarinnar. Á Þingeyrum fengu krakkarirnir reiðkennslu og fóru einnig í reiðtúra um svæðið í kring.

Á haustdögum var haldinn fundur í aðalstjórn ÍA, þar sem öll aðildarfélag ÍA sækja, og sótti formaðurinn þann fund og greindi frá starfi félagsins og helstu framtíðarsýn þess, t.d eins og þörfinni á reiðskemmu á svæðinu, reiðvegamálum og fleiru. Ársþing LH var haldinn í Reykjavík 19. – 20. október en öll hestamannafélög landsins eiga rétt á að senda fulltrúa á ársþingið. Dreyri hefur rétt á að senda 3 fulltrúa en það voru Stefán Ármannsson, Valdimar Ólafsson og Ása Hólmarsdóttir sem fóru sem fulltrúar félagsins á ársþingið. Þar var farið yfir landsmótsmál stór og smá, fjárhagslega stöðu Landsmóts og svo ýmsilegt annað sem snertir beint félagsstarf í hestamannafélögum, m.a velferð dýra og verkefnið “Klár í keppni”. Einnig var rætt um reiðvegamál og nýju kortasjá LH og TREK, nýja keppnisgrein, sem er nokkurskonar þrautakeppni sem getur hentað og náð til hins almenna reiðmanns, var kynnt og margt annað. Rétt er að taka fram að Ása Hólmarsdóttir starfaði í kjörnefnd fyrir og á þinginu og Stefán G. Ármannsson gaf kost á sér í kjör varamanns og var kjörinn 2. varamaður í stjórn LH. Hægt er að sjá fundargerð af ársþinginu á vef LH.

Stjórn Dreyra tilnefndi Jakob Svavar Sigurðsson sem íþróttamann félagsins fyrir árið 2012 og er þetta 4. árið í röð sem Jakob hlýtur þessa tilnefningu, enda er hann búinn að skipa sér í raðir allra bestu knapa landsins. Í öðru sæti í vali stjórnar var Svandís Lilja Stefánsdóttir. Rétt er að taka fram að Jakob vað íslandsmeistari í fimmgangi og slaktaumatölti, auk þess sem hann var kjörinn íþróttakanpi ársins á uppskeruhátíð LH. Svandís Lilja Stefánsdóttir var íslandsmeistari í fimmgangi unglinga. Stjórn Dreyra óskar þeim til hamingju með árangurinn á árinu.

Framkvæmdir

Hvað vallahmálin varðar þá hafa þau verið í skoðun og er loksins að fæðast niðurstaða í það mál með gerð beinnar brautar fyrir vestan núverandi hringvöll. Völlurinn mun halda sér sem slíkur, nema skábrautin mun hverfa en við völlinn á að komast fyrir 250 metra bein braut með alveg þokkalegum öryggisendum. Búið er að teikna upp völlinn og verður hann kynntur síðar. Dómarahús fóru af stað í óveðri síðasta vetur og ákvað stjórn að fjarlægja þau og var þeim komið fyrir ofan tunnuna undir holtinu. Gert var samkomulag við Gámaþjónustu Vesturlands um aðgang að gámi undir rúllubaggaplast og er hann staðsettur á plani sunnanvið félagsheimili. Hver húseigandi á að hafa lykil að honum og er það mjög áfíðandi að hafa í honum eingöngu rúlluplast. Gert var átak í að losna við bíla af staðinu fyrir sunnan félagsheimilið og er stefna félagsins sú að þar séu eingöngu hestaflutningatæki sem eru á skrá (númerum). Mokað var út úr hringgerðinu (tunnunni), efsta laginu og sett tvíkurluð flís í staðinn. Milli 20-30 cm þykkt lag var sett og hefur það mælst vel fyrir, enda er gerðið mun þurrara á eftir og engir pollar í því.

Að lokum

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru í starfi hestamannafélagsins Dreyra. Það eru ótal önnur erindi sem berast stjórn af ýmsu tagi sem við höfum reynt að sinna eftir bestu getu þó að þau rati ekki í skýrsluna, á heimasíðuna eða í tölvupóst til félagsmanna. Öllum sem starfa í stjórn og nefndum á vegum félagsins eru færðar bestu þakkir. Hvert vinnuframlag er dýrmætt og því fleiri sem hafa áhuga og vilja til að vinna fyrir félagið því betra og auðveldara fyrir alla hina. Við þurfum þó að allaf að gæta þess að standa saman og standa vörð um félagið okkar, sem snýst um sameiginlegt áhugamál, þ.e íslenska hestinn. Það hlýtur að vera markmið allra félagsmanna. Stjórnin vill þakka öllum góðum félagsmönnum fyrir jákvætt viðmót, samstarfið og vinnuframlag þeirra. Sérstaklega þakka þeim Ingu Ósk og Jóni Ottesen sem hverfa nú úr stjórn eftir nokkra ára skeið fyrir vel unnin störf. Það er okkar von að Dreyri verði áfram félag í stöðugum vexti með gott starf og góðan liðsanda.

Hnefaleikafélag Akraness

Stjórn HAK árið 2012: Formaður: Örnólfur Stefán Þorleifsson, varaformaður: Björn Helgi Guðmundsson, gjaldkeri : J.Rakel Gísladóttir, ritari: Stella Bára Eggertsdóttir, meðstjórnandi : Grímur Arnórsson / Jónas Heiðar Birgisson. Breytingar á stjórn voru þær að Gísli Trausti Jóhannesson sagði af sér sem ritari og þar með úr stjórn. Stella Bára Eggertsdóttir tók við sem ritari. Grímur Arnórsson sagði sig úr stjórn vegna anna í nóvember 2012. Jónas Heiðar Birgisson var kosinn inn í staðinn með einróma samþykki á stjórnarfundum.

Mót

Árið 2012 var fimmta starfsár HAK síðan það var formlega stofnað 28.febrúar 2008. Árið fór vel af stað með stóru og flottu móti sem haldið var á Vesturgötunni laugardaginn 25.feb 2012 af Hnefaleikafélagi Akraness. Þar fóru fram ný leikir, þar af voru tveir sýningarleikir. Auk Skagamann tóku þátt tvö félög frá Reykjavík og tvö frá Danmörku. Rúmlega hundrað manns mættu á áhorfendapallana til að styðja strákana og var stemmningin með besta móti. Skagamenn tefldu fram átta keppendum og úrslit urðu eftirfarandi:

Viktor Magnason (Æsir) sigraði Gísli Trausti Jóhannesson (HAK) í sýningarleik, Adam Kashan (Team Bredahl) sigraði Hauk Borg Þórisson (Æsir) 3-0, Brynjólfur Ingvarsson (HAK) sigraði Adnan Yassin (Karlebo Bokseklub) 2-1, Ayoub Moukhliiss (Æsir) sigraði Abdullah Alshaban (HAK) í sýningarleik, Sveinbjörn Hávarðarson (Æsir) sigraði Gísli Kvaran (HAK) 3-0, Guðmundur Bjarni Björnsson (HAK) stöðvaði Rhino Tolentino Oriol (Æsir) í annari lotu, Marínó Elí Gíslason Waage (HAK) sigraði Aron Nawian (Team Bredahl) 2-1, Bjarki Þór Pálsson (HR) sigraði Arnór Már Grímsson (HAK) 3-0, Pashaev Yusub (Karlebo Bokseklub) sigraði Eyþór Helga Pétursson (HAK) 2-1. Að lokum var Marínó Elí Gíslason Waage kosinn hnefaleikamaður kvöldsins eftir æsispennandi og erfiðan leik á móti sterkum andstæðing og átti hann það fyllilega skilið.

Aðrar Keppnir innanlands

Lítið var um innlend mót á árinu 2012, einnig féll Íslandsmeistaramótið niður af óviðráðanlegum aðstæðum. Hnefaleikafélag Akraness tefldi fram tveimur keppendum á flottu móti sem haldið var í Mjölhniskastalanum í Reykjavík þann 20.okt 2012. Arnór Már Grímsson HAK mætti Þrání Sigurðsynni frá HR/Mjölni og átti í litlum vandræðum með hann, enda Arnór Már einn sterkasti hnefaleikakappi landsins um þessar mundir. Þránn átti fá svör við sóknunum Arnórs og dómari leiksins taldi yfir Þrání áður en Arnóri Már var dæmdur auðveldur 3-0 sigur. Hróbjartur Trausti mætti Arnari Má Kristjánssyni í 75kg flokki og var það hörkuviðureign þar sem báðir skiptust á að skora stig. Hróbjartur var full seinn í gang þar sem Arnar Már hóf leikinn af miklum krafti og sótti hart að Hróbjarti í fyrstu lotu en leikar jöfnuðust nokkuð í seinni tveimur lotunum. Það fór þó svo að heimamaðurinn Arnar Már vann 3-0 sigur eftir skemmtilegan leik.

HAK fór í þrjár keppnisferðir til eftirtalinda landa á árinu 2012.



Ferðasaga og úrslit frá Grænlandi

Dagana 1-5 mars lögðust keppendur frá hnefaleikafélagi Akraness í víking og sóttu heim hnefaleikadæmdu í höfuðstað Grænlands, Nuuk. Ferðinar fóru þeir Eyþór Helgi Pétursson og Guðmundur Bjarni Björnsson, ásamt Þórði Sævarssyni, þjálfara þeirra. Ferðin var farin í samstarfi við Fight Club Nanoq, sem er stærsta félag Grænlands um þessar mundir. Fight Club Nanoq sóttist eftir að fá hóp frá Íslandi til keppni og hafði því samband við undirritaðan. Það tók stuttan tíma að setja saman tíu manna hóp frá Akranesi og Reykjavík og færri komust að en vildu. Í Nuuk var tekið á móti hópnum eins og kóngafólki og gestrisni heimamanna átti sér engin takmörk. Hópurinn gisti á fjögurra stjörnu hótelinu Hotel Hans Egede, sem liggur í hjarta miðbæjarins. Það tók hópinn smá tíma að venjast veðurfarinu enda sveiflaðist kulddinn frá mínus 15-25 og mikill snjór í bænum.

Keppnin sjálf var haldin í Godthaab-hallen og umgjörðin var til fyrirmyndar. Það var mikil blaða- og sjónvarpsþjálfun um keppnina og mótshaldarar bjuggust við rúmlega 500 manns. Dyrnar opnuðu klukkan 16.00 og klukkan 17.00 gekk íslenska liðið upp í hringinn undir íslenska fánanum og dúndrandi lófaklappi. Þjóðsöngvar landanna voru leiknir og svo fór allt af stað. Áhorfendur voru vel með á nótunum og við fréttum síðar að um 700 manns hefðu verið í höllinni.

Guðmundur Bjarni Björnsson mætti Ilannguaq Petersen frá Sisimiut, og átti í litlum vandræðum með hann, enda mun stærri og flinkari boxari. Guðmundur var nálægt því að stöðva hann strax í fyrstu lotu þegar hann setti beina vinstri beint í kvið Petersen. Petersen harkaði þó af sér og Gummi hélt áfram að útboxa hann í þrjár lotur og vann öruggan sigur, 3-0.

Eyþór Helgi Pétursson fór enn og aftur upp um tvo þýngdarflokka og átti þar kappi við Angulluk Thomassen frá Nanoq, í einum æsilegasta leik kvöldsins þar sem ekkert var gefið eftir. Leikurinn var æsispennandi og Eyþór stóð sig með þrýði þótt hann ætti við mun stærri andstæðing og á tímabili virtist hann vera að ná yfirhöndinni þegar hann byrjaði að raða inn skrokkhöggum á Thomassen. Það fór þó svo að Thomassen hafði sigur í þremur lotum, 3-0, og hlutu báðir keppendur mikið lófaklapp fyrir frábæran leik.

Eftir keppnina var boðið til veislu þar sem allir skemmtu sér konunglega, en það var þreyttur hópur sem hélt upp á hótél

um kvöldið. Sunnudaginn notuðum við í skíðabrekkunum á snjóþremtum. Það var mikið um byltur og krakkarnir höfðu orð á því að þau hefðu ekkert fundið til eftir keppnina en þau væru helaum eftir brettin.

Ferðasaga og úrslit frá Danmörku

Dagana 3. – 6. Maí 2012 fóru keppendur frá hnefaleikafélagi Akraness til keppni í Danaveldi og tóku þátt í tveimur keppnum. Frá félaginu fóru Guðmundur Bjarni Björnsson, Arnór Már Grímsson og Eyþór Helgi Pétursson ásamt þjálfara sínum, Þórði Sævarssyni. Með í för voru einnig fjórir keppendur frá hnefaleikafélaginu Æsir frá Reykjavík.

Fyrri keppnin fór fram í Nakskov á Lálandi þar sem heimamenn í BK Örnin voru gestgjafar og þar mættust fyrstir Eyþór Helgi og Emill Lynggaard. Eins og venjulega boxaði í Eyþór í háu tempói og sótt hart en Emil lét sér nægja að svara með gagnhöggum sem rötuðu of oft inn. Þrátt fyrir það hafði Eyþór mikla yfirburði í annari og þriðju lotu, allt undir lokin þegar Emil náði tveimur mjög góðu höggum inn. Eyþór tapaði því frekar óverðskuldað, 3-0.

Arnór Már mætti Niclas Kierdorf og laut einnig í lægri haldi. Arnór átti ekki góðan dag og tapaði 3-0. Guðmundur Bjarni keppti við heimamanninn Anders Ghanoum sem mætti með fullt hús stuðningsmanna. Guðmundur átti jafnar og góðar tvær lotur en í þriðju lotu sneri Guðmundur á sér ökkla og þrátt fyrir að hann kláraði leikinn nánast á öðrum fæti tapaði hann þriðju lotunni og þar með leiknum. Það voru því tveir Skagamenn sem kepptu daginn eftir í Vordingborg og mættu tvíefldir til leiks. Arnór Már mætti Alexander Bolstrup frá Jyllinge Box Team og var það án efa einn besti leikur ferðarinnar. Arnór Már byrjaði einbeittur og nákvæmur með vörnina á réttum stað og skoraði hvað eftir annað. En augnabliks kæruleysi með hendurnar niðri sendi Arnór í gólfíð þegar Alexander smellhitti hann með hægri krók. Arnór hélt þó ró sinni, fékk hendurnar upp og vann sig út úr lotunni. Næstu tvær lotur voru skólabókardæmi í gagnhöggum þegar Arnór raðaði inn stigum á Alexander sem sótti hvað hann mátti og hitti lítið. Þrátt fyrir það hlaut Alexander sigurinn 2-1 og var mest hissa sjálfur á úrslitunum. Eftir leikinn sýndi hann þó þann drengskap ásamt þjálfara sínum að koma til okkar og viðurkenna ósigurinn en úrslitin standa fyrir það.

Eyþór Helgi hafði líka sitt að sanna og hann óð í andstæðing sinn Casper Hansen frá fyrstu til síðustu mínútu og gaf engin grið. Casper svarði vel með hægri handar gagnhöggum en Eyþór gaf ekkert eftir og úr varð heldur mikið hnoð. Í þriðju lotu fékk Eyþór svo tekið af sér stig fyrir að halda og það var stigið sem kostaði sigurinn á dómarsþjöldunum, 2-1 sigur fyrir Casper.

Í allt mjög gott seinna kvöld og greinilegt að strákarnir uxu með reynslunni. Ferðin var velheppnuðu í alla staði, vel hugsað um hópinn og ekki skemmdi góða veðrið fyrir hópnum. Hápunktur ferðarinnar fyrir suma var svo ferð í skemmtigarðinn Bakken fyrir utan Kaupmannahöfn og það var svo þreyttur hópur sem lenti á Keflavíkurflugvelli aðfaranótt mánudags.

Ferðasaga og úrslit frá Svíþjóð

Fjórir iðkendur frá hnefaleikafélagi Akraness, þeir Hróbjartur Trausti Árnason, Arnór Már Grímsson, Gísli Kvaran og



Marínó Elí Gíslason Waage fóru út til Svíþjóðar ásamt þjálfara sínum Þórði Sævarssyni og formanni félagsins Örnólfi Stefáni Þorleifssyni. Þar tóku þeir þátt á einu stærsta áhugamannamóti í Evrópu ACBC box cup, sem haldið var í Gautaborg dagana 2-4 nóvember 2012. Strákarnir voru hluti af 35 manna íslensku liði og voru þátttakendur frá Íslandi í öllum aldursflokkum, sá yngsti 12 ára. Flugíð var snemma á föstudagsmorguninn 2.nóv, við lentum á Gardemoen flugvelli í Noregi um hádegisbilið og við tók tæplega sex klukkustunda keyrsla í bíl niður til Gautaborgar. Fyrsti keppnisdagur var laugardagurinn 3.nóv, strákarnir okkar mættu allir sterkum andstæðingum. Fyrstur keppti Gísli, hann fór á móti reyndari andstæðingi en stóð í honum allan tímann. Þrátt fyrir drengilega baráttu hafði andstæðingurinn sigur úr býtum. Marínó keppti næstur, hann átti í erfiðleikum framan af og tók við mörgum höggum, andstæðingur hans skoraði töluvert meira og vann að lokum. Arnór fór á móti mjög sterkum boxara, þetta var ekki dagurinn hans Arnórs því margt fór úrskeiðis. Arnór tapaði að lokum 3-0. Hróbjartur steig síðastur á stókk, skemmst er frá því að segja að hann stóð andstæðingi sínum jafnt, þetta endaði í hálfgerðu „brawli“ lítil vörn bara höggahryna sem dundi á þeim báðum, að lokum vann andstæðingurinn 2-1. Aldrei hefur jafn stór hópur hnefaleikakappa farið til þátttöku á erlendri grundu, en á mótinu voru um 600 þátttakendur. Ferðin var vel heppnuð þrátt fyrir úrslitin en strákarnir okkar eru reynslunni ríkari eftir þessa för.

Aðstöðumál

Við breyttum aðstöðunni nokkuð mikið í lok sumars 2012, við rifum hringinn niður og settum dýnuna úr honum á gólfíð í gryfjunni. Við færðum alla púðana í rýmið þar sem hringurinn stóð, með þessum aðgerðum nýttist aðstaðan mun betur plásslega séð. Við keyptum fleiri ketilbjöllur og rekka fyrir þær, við keyptum nýja hanska og sippubönd. Svo bjuggum við til smá afslöppunaraðstöðu með sófa, kaffivél o.f.l. Iðkendafjöldinn á árinu 2012 var í kringum 50 manns, þeim var skipt niður í fimm hópa: 8 – 12 ára, þjálfarar: Arnór Már Grímsson og Marínó Elí Gíslason Waage. Krakkabox, þjálfari: Arnór Már Grímsson. Fitnessbox, þjálfari: Alexander Maron Þorleifsson. Keppnishópur, þjálfari: Þórður Sævarsson. Jálfar, þjálfari: Örnólfur Stefán Þorleifsson.

Íþróttafélagið Þjótur

Aðalfundur í Brekkubæjarskóla var haldinn þann 27. Mars. Fundarstjóri var Arnheiður Andrésóttir. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Formaður las síðustu árskýrslu. Gjaldkeri las upp ársreikninga félagsins. Umræður um skýrslu og reikninga félagsins og hlutu hvort um sig einróma samþykki. Kosning á nýjum formanni. Formaður félagsins til margra ára Ólöf Guðmundsdóttir gaf ekki kost á sér. Sylvía B. Kristinsdóttir stjórnarmaður gaf kost á sér og var það samþykkt samhljóða. Magnús Bárna Guðmundsdóttir gaf ekki kost á sér áfram og voru tillögur um nýja aðila til stjórnarsetu þau Sigurlaug Njarðardóttir og Hörð Svavarsson og var það samþykkt. Stjórn félagsins starfsárið 2012-2013 er því þannig skipuð: Sylvía B. Kristinsdóttir formaður, Harpa Sif Þráinsóttir ritari, Sigurlaug Njarðardóttir gjaldkeri, Soffía M. Pétursóttir og Hörður Svavarsson meðstjórnendur. Varamenn: Sigurður A. Sigurðsson og Lindberg M. Scott.

Æfingar á vorönn í boccia, sundi og keilu hófust í byrjun janúar og þjálfarar greina voru eftirtaldir: Boccia, Þjálfarar sem fyrr þau Freyja Þöll Smáradóttir (kom til baka úr barneignaleyfi) og Guðmundur Ingi Gunnarsson. Æfingar 2 sinnum í viku. Sund eldri hópur, þjálfari Ágúst Júlíusson (tók við af Sigrúnu Þ. Theodórsdóttur í febrúar 2012). Sund yngri hópur. Sigríður Helga Gunnarsdóttir (þjálfun haust 2011) æfingar 2x í viku hjá báðum hópum. Keila eldri og yngri hópa í samvinnu við Keilufélag Akraness. 1x í viku hvor hópur.

Viðurkenningar iðkendur valin af stjórn og þjálfurum: Hvatningabikar ÍF. Laufey María Vilhelmsdóttir. Minningabikar um Lýð Hjálmarsson, Guðmundur Örn Björnsson. Hvatningabikar Þjóts sem úthlutað var í 2 sinn fyrir yngri iðkendur félagsins, Jóhanna Nína Karlsdóttir. Íþróttamaður ársins 2011 var Anton Kristjánsson. Önnur mál. Nýr formaður þakkaði þeim Ólöfu og Magnúsi fyrir störf sín í þágu Þjóts og færði þeim blómvend. Ólöf þakkaði fyrir sig og sagði frá styrk sem félaginu hlotnaðist frá starfsmannafélagi sementverksmiðjunnar að upphæð 1.093.915 kr. Fundarstjóri sleit fundi og bauð upp á veitingar í boði félagsins. Alls mættu 26 manns á fundinn.

Þátttaka og gengi félagsmanna á mótum vorannar: Janúar: Nýárssundmót barna og unglinga haldið 5. jan. 2012 í Laugardalslaug í Reykjavík. 4 keppendur frá félaginu tóku þátt. Aldís, Ívar, Ólafur og Laufey. RIG 3 Þátttakendur. Sundmenn að bæta sig og alveg við sitt besta, ekki unnið til verðlauna. Mars: Íslandsmót ÍF hófst 31.mars-1.apríl Þjótur átti keppendur í Boccia og sundi. Sveitakeppni í Boccia. 3 SVEITIR tóku þátt í 1.2. og 3 deild. Ekki var komist í úrslit en liðin héldu sér í sínum deildum. 2 keppendur í sundi, ekki unnið til verðlauna að þessu sinni. Apríl: Hængsmót haldið á Akureyri 28-30. apríl. Þangað fóru 7 manns og 2 þjálfarar. Maí: Vormót Aspar 19. maí í sundi í Laugardalslaug, 5 keppendur Áslaug 2 sæti í 50 bringu, Emma 3. sæti 50 bak, Laufey 2 sæti 50 bak. Norðurlandamót í Boccia í Laugardalshöllinni. Sigurður S. Kristinsson og Lindberg M. Scott voru þátttakendur á því móti. Ekki unnið til verðlauna. Júní: Æfingum lauk í maí-júní og eldri hópur fóru á Galito hefðbundið Pizza-hlað-



borð. Yngri hópur fór í skógræktina ásamt fjölskyldum sínum og þar var grillað og farið í leiki.

Vetrarstarfið-Æfingar á haustönn í boccia, sundi og keilu hófust 3. september og þjálfarar greina voru eftirtaldir: Boccia, Þjálfarar sem fyrr þau Freyja Þöll Smáradóttir (kom til baka úr barneignaleyfi) og Guðmundur Ingi Gunnarsson. Æfingar 2 sinnum í viku. Sund eldri hópur, þjálfari Ágúst Júlíusson. Sund yngri hópur þjálfari Eyrún Reynisdóttir sem tók við af Sigríði Helgu Gunnarsdóttur í september. 2x í viku. Keila eldri og yngri hópar iðkenda undir stjórn Keilufélags Akraness. 1x í viku. Dans: Yngri iðkendur fengu 8 vikna dansnámskeið hjá Írisi Einarsdóttur danskennara

Þátttaka og gengi félagsmanna á mótum haustannar: September: Fjarðarmótið 22 sept. í sundi í Ásvallalaug 4 keppendur. Stefán 3. sæti 50 skrið, Laufey 3. sæti 100 bak, 2. sæti 400 skrið. Október: Íslandsmót í einstaklingskeppni í boccia á Ísafirði 11-13. okt. 12 keppendur, 2 þjálfarar og 3 aðstoðarmenn. Gekk ferðin vel í alla staði þó heimferðin hafi gengið svona upp og ofan. Sigurður Smári Kristinsson varð Íslandsmeistari í flokki BC 1-4. Anton Kristjánsson varð í 2. sæti í 6. deild. Nóvember 24-25 nóv. Íslandsmót ÍF í sundi í 25. m laug í Laugardalnum, 4 keppendur Laufey 2. sæti í 50 bak, 3. sæti 400 skrið, 3. sæti 100 skrið. Desember : Tilnefning til Íþróttamanns ársins á Akranesi 2012, Félagið tilnefnir Sigurð Smára Kristinsson Íslandsmeistara í boccia frá því í október, Val á Íþróttamanni ársins fer fram á þrettándagledinni í janúar 2013.

Þjótur átti einnig keppenda á öðrum mótum t.d Vormót Sunddeildar Fjölnis, Vormót Ármanns. ÍRB Landsbankamót Reykjanesbæ. Akranesleikar, Akranesmeistaramót þar náði Laufey 3. sæti í 50 bak og 50 skrið. Extramót SH í Hafnarfirði, Nýársstórmót í Bjarnalaug. Lokaæfingar voru um miðjan desember og ferð á Galito í árlegt pizzahlaðborð félagsins í lok tímabils

Annað

Aðalfundur ÍA var haldinn 12. apríl Formannafundur 26. okt. Sylvía og Soffía fóru fyrir hönd félagsins. Þjótur 20 ára afmæli félagsins þann 8. nóvember, gleði í Brekkubæjarskóla sem tókst mjög vel. Fjölskyldudagur í keilu í desember, yngri iðkendur og aðstandendur þeirra, tókst mjög vel 18 manns mættu. Facebook samskiptasiðan virk og góð leið til að koma skilaboðum og skoðunum á framfæri. Stjórn, þjálfarar, iðkendur, foreldrar/forráðamenn og áhugafólk félagsins. Ekki

var unnt að halda okkar árlega LIONS-MÓT í boccia en það verður í jan 2013.

Styrkir: Styrkur frá starfsmannafélagi sementverksmiðjunnar á Akranesi að upphæð 1.093.915,- Styrkur frá Akraneskaupstað til barna og unglingastarfs að upphæð 300.000. Fjáröflun félagsins var með hefðbundnu sniði þ.e. jólakortasala sem gekk með eindæmum vel þetta árið (birgðir fyrra árs seldust því sem næst upp) og voru iðkendur féluginu til sóma hvað varðar þátttöku í þessari einu fjáröflun sem félagið stóð fyrir.

Lokaorð

Árið 2012 var í heildina gott ár hjá félaginu líkt og undanfarin ár. Eitt af meginmarkmiðum félagsins er að ná til fleiri iðkenda og bjóða upp á íþróttir fyrir fólk með fötlun á öllum aldri. Með von um að flestir iðkendur geti fundið eitthvað við sitt hæfi og þannig byggt upp góða sjálfsmynd í gegnum leik og keppni við jafningja. Félagsmönnum, þjálfurum, aðstoðarmönnum og starfsmönnum íþróttamannvirkja þökkum við ánægjulegt samstarf á liðnu ári og öllum velunnurum félagsins færum við þakkar fyrir stuðninginn á árinu.

Karatefélag Akraness

Stjórn Karatefélags Akraness skipuðu: Jóhann Sigurðsson, formaður, Kristjana Ólafsdóttir, gjaldkeri, Freyja Óskarsdóttir, ritari, Finnbogi Gunnlaugsson og Sallý Reynisdóttir meðstjórnendur.

Rekstur félagsins var í sæmilegu horfi árið 2012, iðkendur voru 44 á árinu og rekstrartap 48.000. Ljóst er að gera þarf átak í að fá fleiri iðkendur ásamt því að hækka þarf æfingagjöld fyrir næstu önn.

Árangur á mótum

Krökkunum í KAK gekk frábærlega á barna- og unglingamótinu sem haldið var 19. febrúar sl. Á unglingamótinu urðu Bjartur, Guðbjörg og Karitas urðu í 3 sæti í hópkaða. Á barnamótinu voru verðlaunin aðeins fleiri: Eiríkur var í 3 sæti í einstaklingskaða, Haukur, Daníel og Óli urðu í 3 sæti í hópkaða 9 ára, Eiríkur, Sýlvía og Krístrún urðu íslandsmeistarar í hópkaða, Sýlvía varð íslandsmeistari í einstaklingskaða í 3ja skipti. Einnig varð KAK í öðru sæti í heildarstigum félaga.

Þjálfaramál

Einar Hagen er aðal þjálfari félagsins. Aðal áhersla hans er hefðbundið karate, þar sem lögd er höfuð áhersla á að þær tæknir sem beitt er nái að leggja andstæðinginn. Það hafa verið æfingar þrisvar sinnum í viku. Elsa María, Hafdís og Sólrún sáu um þjálfun í karateskólanum. Þetta er annar veturinn sem að þær þjálfu en Hafdís hafði aðstoðað við kennslu áður. Eydís aðstoðaði við undirbúning krakkanna fyrir keppni og fá þær allar bestu þakkar enda árangur krakkanna frábær. Sú breyting var gerð að í karateskólanum eru krakkar að rauðu belti en Einar Hagen sá um þjálfun krakka og unglinga með rautt belti og uppúr.

Þjálfunarbúðir og gráðanir

Karate-krakkarnir frá Breiðablik komu í himsókn á Skagann 9 og 10 nóvember þarsem sameiginleg þjálfun og ýmiskonar fjör var í boði. Tókst þetta í alla staði mjög vel. Félagið hélt tvær kyu gráðanir á árinu. Eina eftir vorönn og eina eftir haustönn. Eftir gráðanir var farið með krakkana í Þorpið þarsem boðið var uppá pizzur og leiki.

Keilufélag Akraness

Stjórn Keilufélags Akraness skipa: Guðmundur Sigurðsson formaður, Einar Jóel Ingólfsson varaformaður, Jónína Björg Magnúsdóttir gjaldkeri, Ingi Geir Sveinsson og Sigurður Magnús Skúlason meðstjórnendur. Breytingar urðu á stjórn félagsins í síðasta aðalfundi en Þorleifur Jón Hreiðarson gekk út og Sigurður Magnús Skúlason kom inn.

Keilufélag Akraness var stofnað í ágúst 1997. Æfinga og keppnis aðstaða var ekki til staðar á Akranesi fyrstu árin en 21. Des. 2001 var Keilusalur Akraness opnaður og var þá hægt að halda heimaleiki. Frá stofnun hefur Keilufélagið átt keppnisfólk í fremstu röð, unglinga jafnt sem fullorðna, í deildarkeppni jafnt og einstaklingskeppni. Margóft hafa unglingar frá Keilufélaginu verið valdir í unglingalandsliðið og mörgum páskum verið erlendis við keppni á Evrópumóti unglinga í keilu. Einnig hafa einstaklingar verið valdir í landslið karla og farið til keppni erlendis.

Á síðastliðnu ári lenti Skúli Freyr Sigurðsson Keilufélagi Akraness í 2.sæti á RIG (Reykjavík International Games) þar sem hann tapaði í úrslitaleik fyrir Robert Anderson sem er meðal annars fyrrum heimsmeistari í tvímanning. Keilufélag Akraness átti 4 íslandsmeistara á Íslandsmóti unglinga í feb. 2012 Guðmundur Gestur Garðarsson í 1.flokki pílta, Aron Fannar Benteinsson í 2.flokki pílta, Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir í 3.flokki stúlkna og Gunnar Ingi Guðjónsson í 3.flokki pílta. Á Íslandsmóti einstaklinga með forgjöf sem fór fram í mars 2012 varð Kristján Arne Þórðarson í 1.sæti. Í byrjun apríl 2012 varð annað karlaliðið sem spilaði í 1.deild Deildarbikarmeistarar og lentu í 2.sæti í efstu deild karla. ÍA W sem einnig spiluðu í 1.deild urðu í 7.sæti af 10.

Í Meistarakeppni ungmenna eru leiknar eru 5 umferðir yfir veturinn. Þar keppa fyrstu 2 flokkarnir 30 leiki og yngri 2 keppa 15 leiki. Varð Skúli Freyr Sigurðsson ÍA í fyrstasæti í 1.fl. pílta. Með 208 stig að meðaltali í leik. Næst á eftir honum voru Guðlaugur Valgeirsson KFR með 193 stig og





Einar Sigurðsson með 182 stig. Í 2.fl. pilta lenti Aron Fannar Benteinsson ÍA með 166,7 stig að meðaltali en í 1.sæti var Þórður Örn Reynisson KFR með 179 stig og í 3.sæti var Andri Freyr Jónsson KFR með 165,8 stig. Í 3.fl. pilta var Elvar Kaprasíus Ólafsson í 1.sæti með 142 stig að meðaltali, á eftir honum kom Benedikt Svavar Björnsson ÍR með 126,8 stig og var Gunnar Ingi Guðjónsson ÍA í 3.sæti með 124,9 stig. Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir ÍA, tvíburasystir Gunnars Inga, sigraði 3.fl. stúlkna með 131 stig að meðaltali. Sunneva Sól Sigurðardóttir ÍR var í 2.sæti með 105 stig. Í 4.flokki pilta var ÍA með 4 keppendur sem náðu ekki á verðlaunapall en það sem af er að yfirstandandi tímabili eru þeir að taka verðlaunasæti og hækka meðaltal síns flokks til muna frá 2012. ÍA vantar tilfinnanlega fleiri stúlkur til keppni og verður reynt að bæta úr því á komandi tímabili.

Skúli Freyr Sigurðsson var valinn í karlalandsliðið fyrir sumarið og fór á Evrópumót karla sem haldið var í Vín í Austurríki fyrir um sumarið og fór á Heimsmeistaramót unglunga undir 21 árs í Abudabi í ágúst. Guðmundur Sigurðsson formaður Keilufélagsins var valinn þjálfari Kvennalandsliðsins í Keilu og fór með þeim til Hollands í júnímánuði 2012. Guðmundur er núna þjálfari unglingalandsliðsins og Skúli Freyr er aðstoðarþjálfari. Aron Fannar Benteinsson ÍA var valinn í unglingalandsliðið og fer með Skúla og Guðmundi til Vínar núna um páskana 2013.

Keppnisleg staða félagsins í dag er eftirfarandi:

ÍA er með tvö lið í efstu deild karla og stefnir allt í það að bæði lið fari í úrslitakeppnina þar sem að 4 lið taka þátt. - Í bikarkeppni liða fóru bæði liðin í undanúrslit en ÍA-W fór áfram í úrslit. Í deildarbikarkeppninni eru þessi lið saman í riðli og eru nánast örugg áfram í úrslit þó 2 umferðir séu eftir. Íslandsmeistaramót félaga þar sem hvert félag sameinast um eitt lið, er Keilufélag Akraness í 1.sæti eftir 3 umferðir af 4. Þess má geta að innan hvers félags geta verið nokkur lið. Á Íslandsmeistaramóti Unglingaliða keppa 5 lið og er ÍA með 2 lið, annað í 1.sæti og 5.

Frá upphafi hefur Keilufélag Akraness notast við vélar og annan búnað sem kominn er til ára sinna. Fyrir rúmu ári var ráðist í endurbætur á salnum og á vélbúnaði en það vantar að gera enn betur. Til að vera samkeppnishæf við salina í Reykjavík varðandi keppnisaðstæður vantar Keilufélag

Akraness sárlega nýja olíuvél og er í burðarliðnum að kaupa slíka vél. Þegar litið er til baka á það starf sem farið hefur fram í Keilusal Akraness á síðasta ári erum við mjög stolt af unglingunum okkar. Þau eru til fyrirmyndar í framkomu þegar farið er í keppni og leggjum við mikið upp úr því. Þar skiptir miklu máli samvinna milli aldursflokka og hafa hóparnir brallað margt saman. Vinsælust var gistinóttin en þar var keppt, farið í leiki, horft á videó og sofið smá. Þetta þjappaði hópnum saman og styrkir þau þegar í keppni er komið.

Knattspyrnufélag ÍA

Árið 2012 var viðburðaríkt ár hjá Knattspyrnufélaginu, meistaraflokkur karla var í efstu deild eftir 3 ára hlé og meistaraflokkur kvenna tók einnig þátt í 1.deild eftir langa fjarveru. Árangur meistaraflokka okkar var viðunandi og geta leikmenn beggja liða litið stoltir til baka. Meistaraflokkur karla endaði í 6.sæti Pepsi-deildar, eftir að hafa verið lengi vel í baráttunni um evrópusæti og meistaraflokkur kvenna voru hársbreidd frá því að komast í umspil um sæti í Pepsí-deildinni. Á þessu ætlum við að byggja á árinu 2013. Yngri flokka starfið er í miklum blóma og iðkendur heldur áfram að fjölga. Sér í lagi má greina fjölgun í elstu flokkum drengja og yngstu flokkum stúlkna. Stjórn KFÍÁ lítur björtum augum á framtíðina og telur að sú uppbygging sem hefur átt sér stað undanfarin ár, bæði í knattspyrnu- og fjármálum sé að skila sér í enn betra og öflugara starfi jafnt innan sem utan vallar.

Stjórnir félagsins á árinu 2012 skipuðu: Ingi Fannar Eiríksson, formaður, Sigrún Ríkhardsdóttir, varaformaður, Sigmundur Ámundason, gjaldkeri, Stefán Orri Ólafsson, ritari, Rakel Óskarsdóttir, Örn Gunnarsson, formaður Afrekssviðs, Ágústa Friðriksdóttir, formaður Uppeldissviðs. Til vara: Hróðmar Halldórsson, Bjarnheiður Hallsdóttir

Í stjórn Uppeldissviðs: Ágústa Friðriksdóttir, formaður, Lárus Ársælsson, Sigríður Þorsteinsdóttir, Brynjar Sæmundsson og Guðráður Sigurðsson. Til vara: Berglind Þráinsdóttir og Ólafur I. Guðmundsson

Í stjórn Afrekssviðs: Örn Gunnarsson, formaður, Hafsteinn Gunnarsson, Katla Hallsdóttir, Theodór Hervarsson og Margrét Ákadóttir. Til vara: Sigurður Sigursteinsson og Steindóra S. Steinsdóttir.

Framkvæmdastjóri er Þórður Guðjónsson og skrifstofustjóri er Rakel Jóhannsdóttir.

Þá voru starfandi nokkrar nefndir á vegum félagsins. T.a.m. Heimasíðunefnd, Heimavallarnefnd og Fræðslunefnd. Í Heimasíðunefnd voru þeir Brandur Sigurjónsson og Kristleifur Brandsson. Í nefnd um fræðslu- og félagsstarf voru þau Sigurður Arnar Sigurðsson, Anna Lilja Valsdóttir og Sigurður Sigursteinsson. Heimavallarnefnd var stofnuð í fyrsta sinn á árinu og þó það heppnast vel, mikilvægi nefndarinnar er skýr þar sem að kröfurnar um umgjörð vegna leikja í Pepsí-deild karla eru miklar og fékk félagið og þar með nefndin mikið hrós frá KSÍ vegna umgjörðarinnar á Akranesvelli. Þótti fyrsti heimaleikurinn gegn KR, þar sem vel yfir 3.000 manns mættu á völinn, vera klárt skólabókardæmi um það hvernig standa á að leikjum í deildinni. Í kjörnefnd félagsins voru þau Haraldur Ingólfsson, Jóhanna Hallsdóttir og Steinar Adolfsson.

Fjármál

Tap var á rekstri félagsins á árinu 2012. Heildartekjur KFÍA á árinu 2012 voru: 155,4 m.kr. Heildar rekstrargjöld KFÍA voru: 155,9 m.kr. Handbært fé í lok árs var: 12,3 m.kr. Heildar skuldir félagsins í árslok voru: 4,6 m.kr. Heildar viðskiptakröfur félagsins í árslok voru: 9,4 m.kr. Tap var á rekstri félagsins upp á 543.750 kr.- á árinu, aukning á tekjum félagsins voru umtalsverðar. En þegar litið er til þess að félagið teflir fram meistaraflokkum bæði í karla og kvenna flokki er ekki óeðlilegt að bæði gjöld og tekjur aukist. Endurkoma karlaliðsins í efstu deild felur einnig í sér umtalsvert meiri tekjur fyrir félagið og um leið meiri gjöld. Reksturinn varð um 20 milljón krónum meiri heldur en áætlanir gerðu ráð fyrir, þar sem tekjur og gjöld héldust vel í hendur.

Karlalið félagsins var einnig mikið í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport á liðnu tímabili og voru tveir heimaleikir gegn KR í beinni útsendingu og leikir gegn FH og ÍBV voru einnig í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Þess má geta að félagið fær óverulega eyrnamerka fjármuni fyrir þá heimaleiki sem sýndir eru í beinni útsendingu. Ljóst er að fleiri hefðu mætt á Akranesvöll til að sjá leikina ef þeir hefðu ekki verið í beinni útsendingu, en áhorf í sjónvarpi voru samkvæmt heimildum umtalsverð. KFÍA hafði skilað hagnaði 3 ár á undan og er ljóst að á næsta ári mun stjórn félagið gera allt sem í hennar valdi stendur til að loka rekstrarárinu 2013 á jákvæðan hátt, eins og áætlanir gera ráð fyrir.

Norðurálmótið

Dagana 17. til 19. júní var Norðurálmótið haldið, en það er fyrir leikmenn 7. flokks karla. Mikil fjöldi liða og þátttakenda var skráður til leiks eða 138 lið frá 27 félögum skipuð 1150 strákum (og stelpum þar sem 5 lið voru skipuð stelpum úr yngri flokkum ÍA). Móttjórn var í höndum Uppeldissviðs, sem voru dyggilega studd af skrifstofu félagsins, foreldrum, Aðalstjórn og Afrekssviði. Fjórtán verkstjórar voru yfir hinum ýmsu verksviðum, en heildarfjöldi sjálfboðaliða sem störfuðu á mótinu er áætlaður vel rúmlega 600 manns. Piltunum fylgir að jafnaði mikill fjöldi foreldra, systkina og aðstandenda, sem með veru sinni hér á Akranesi setja mikinn svip á bæjarlífið. Til að mynda gistu um 3000 manns á tjaldsvæðum mótsins, sem náðu allt frá Víðigrund inn að Skógræktinni, ásamt því að um 1300 piltar, liðsstjórar og foreldrar gistu í skólum bæjarins, þ.e. Brekkubæjarskóla, FVA og Grundaskóla.

Norðurálmótið er gríðarlega mikilvægur hlekkur í fjáröflun félagsins, þar sem hver króna rennur til starfsemi yngri flokkanna. Mótið stendur undir tæplega 40% af kostnaði félagsins vegna yngri flokkanna.

Má ætla að mótið hafi náð hámarksstærð en erfitt verður að bæta við fleiri liðum og þátttakendum en þeim sem nú eru á mótinu en hámarksstærð þess er 144 lið. Norðurálmótið þóttist heppnast með miklum ágætum og hvert sem litið var mátt sjá ánægjuna skína úr andlitum piltana og aðstandenda þeirra, sem að móti loknu tóku með sér ánægjulegar minningar af mótinu og um Akranes. Að margra mati er mótið albesta og jákvæðasta kynning sem Akranes fær á ári hverju.



Akranesvöllur og æfingasvæði

Framkvæmdarsamningur við Akraneskaupstað var undirritaður á nýju ári þar sem áætlað er að ráðast í endurbætur á æfingasvæði og aðalvelli. Suðurvöllur á æfingasvæði verður endurnýjaður og tyrft verður yfir hlaupabraut stúkumegin ásamt því að tímabærar lagfæringar verða gerðar á báðum hliðum vallarins, en KFÍA hefur fengið margar ábendingar frá eftirlitsmönnum KSÍ um slæmt ástand þeirra.

Heimasíðan – www.kfia.is

Heimasíða félagsins er virkur miðill sem í tengslum við fésbókarsíðu félagsins nær til nokkur þúsund einstaklinga á hverjum degi, allt árið um kring. Félagið vinnur nú að því að koma sögu félagsins inná síðuna, þar sem hugmyndin er að setja upp sögusafn, þar sem allir leikir og leikmenn félagsins koma fyrir. Félagið á einstaka sögu að baki og er það heppið að hún sé öll skráð, en heiðursfélagarnir Helgi Daníelsson og Jón Gunnlaugsson hafa haft veg og vanda í gegnum áratugina að halda utan um heimildarskráningu. Það eina sem útaf stendur nú er að fá fjármagn í verkið, annarri undirbúningsvinnu er lokið.

Íslenskur toppfótbolti – ÍTF

Félagið var á árinu 2012 í samtökum efstu deildar félaga ÍTF. En það var samhljóma álit stjórnar að segja sig úr samtökunum fyrir árið 2013 þar sem að það er ekki talið þjóna hagsmunum félagsins að vera aðili að því starfi sem þar er unnið.

Eineltisstefna og siðareglur

Félagið hefur á undanförunum vikum og mánuðum unnið náið með Kolbrúnu Baldursdóttir sálfræðingi að innleiðingu áætluar í eineltismálum. Unnið er útfrá gögnum sem að Kolbrún hefur unnið og gefið út, þar sem yfirskriftin er „Ekki meir“. Opin fundur er um málið þann 28. febrúar n.k. hér á Akranesi og er sá fundur haldinn í samstarfi við Æskulýðsvettvanginn. Samhliða því vinnur félagið að siðareglum með dyggri aðstoð frá Kolbrúnu.

Þjálfara 2012

Mfl. karla: Þórður Þórðarson, aðst.þjálfari Dean Martin.

Mfl./2fl. kvenna: Elfar Grétarsson,

aðst.þjálfarar: Margrét Ákadóttir og Anna Lilja Valsdóttir.

2. fl. karla: Kristinn Guðbrandsson,

aðst.þjálfari: Lúðvík Gunnarsson.

3. fl. kvenna: Þorsteinn Gíslason.

3. fl. karla: Lúðvík Gunnarsson,
aðst.þjálfari: Heimir Eir Lárusson.
4. fl. kvenna: Ágúst Valsson.
4. fl. karla: Kári Steinn Reynisson,
aðst.þjálfari: Heimir Einarsson.
5. fl. kvenna: Halldóra Gylfadóttir.
5. fl. karla: Alfreð Karlsson.
6. fl. kvenna: Áslaug Ákadóttir.
6. fl. karla: Kristinn Guðbrandsson.
7. fl. kvenna: Áslaug Ákadóttir.
7. fl. karla: Dean Martin.

Boltaskólinn (8. fl. kk/kvk) Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir.

Afrekspjálfarar: Dean Martin, Jón Þór Hauksson,
Magnea Guðlaugsdóttir.

Yfirþjálfari: Þórður Þórðarson.

Fjöldi aðstoðarmanna er við störf, bæði að vetri og sumri til. Á árinu 2012 voru það leikmenn meistarflokks karla, 2.fl karla og kvenna ásamt 3.fl. karla og kvenna sem voru þjálfurum félagsins til aðstoðar á æfingum sem og í Knattspyrnskóla félagsins.

Fræðslumál

Myndasýning: Á vegum fræðslunefndar var sett upp myndasýning í íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum í stigaganginum fyrir framan skrifstofur félagsins. Sýningin var nefnd „Skagamenn í blíðu og stríðu 2012“ og inniheldur rúmlega hundrað myndir sem voru teknar af félagsmönnum knattspyrnufélagsins á liðnu starfsári. Sýningin hefur vakið mikla athygli og er gaman að sjá hversu margir koma við til að skoða myndirnar. Af þessum myndum má glögglega sjá hversu umfangsmikið starf knattspyrnufélagsins er og hversu margir iðkendur og sjálfbóðaliðar starfa undir merkjum félagsins.

Foreldrafundir. Á vegum Uppeldis- og Afrekssviðs voru haldnir foreldrafundir þar sem gerð var grein fyrir ýmsum þáttum í starfsemi félagsins og hvers flokks fyrir sig. Það var Þórður Guðjónsson framkvæmdarstjóri sem sá um fundina ásamt þjálfara hvers flokks fyrir sig. Þar voru m.a. kynntar reglur félagsins varðandi safnanir, hlutverk foreldra og foreldrafulltrúa o.fl. Fundirnir voru fjölsóttir og ánægjulegt hversu áhugasamir foreldrarnir eru um þátttöku barnanna í æfingum og keppni á vegum félagsins.

Minningarsjóður – fræðslumál

Minningarsjóður Knattspyrnufélags ÍA hefur verið starfræktur frá haustdögum 2011 og var grunnurinn að honum lagður af börnum og ekkju Sigurðar Ingimundarsonar, sem lést á á árinu 2011, en hann var öflugur stuðningsmaður knattspyrnunnar á Akranesi. Einstaklingum og fyrirtækjum er gert kleift að leggja inn fjárframlag í sjóðinn til minningar um leikmenn eða stuðningsfólk félagsins. Sjóðurinn er sjálfstætt starfandi sjóður óháður öðrum rekstri félagsins. Í annari grein starfsreglna segir að hlutverk sjóðsins sé að styrkja sérstök verkefni Knattspyrnufélags ÍA í tengslum við fræðslu iðkenda og/eða þjálfara. Stjórn KFÍA er jafnframt stjórn sjóðsins og tekur ákvarðanir um framlög til verkefna. Þegar hafa borist góð framlög í sjóðinn.(Uppgjör ársins er aftan við skýringar ársreiknings).



Nóri

KFÍA tók upp á árinu, eins og önnur aðildarfélög ÍA, félagskráningarkerfið Nóra. Nóri heldur utan um allar skráningar á æfingargjöldum og er það von félagsins að með tíð og tíma muni hagræðing með Nóra verða félaginu, iðkendum, Akraneskaupstað og öðrum er tengjast félaginu til mikilla hagsbóta.

Niðurlag

Á heildina litið getum við verið ánægð með starfsár félagsins. Fjárhagur félagsins er sterkur og er það ánægjuefni að jafnvægi í fjármálum sé jafn gott og raun ber vitni. Við munum byggja á því og stefnan alltaf sett á að gera betur en áður, þar sem að leiðarljósið í okkar starfi er að gera gott starf betra. Allir þeir sem starfa í stjórnnum félagsins lögðu hart að sér á sl. ári fyrir félagið og er ljóst að þeir 21 einstaklingar sem skipa stjórnir þess eru tilbúnir til að ganga langt fyrir ÍA. Á þessum tímamarki er rétt að þakka Sigrúnu Ríkhardsdóttur sérstaklega fyrir áralöng störf í þágu félagsins en hún lætur nú af störfum í stjórn félagsins.

Á komandi keppnistímabili er stefnan sett á að gera betur en á árinu 2012, jafn innan sem utan vallar. Við ætlum að halda áfram að fjölga iðkendum og halda unglingum lengur í íþróttinni. Vinna hörðum höndum að því að reka félagið aftur „réttum“ megin við strikið. Stefnum á því að koma meistaraflokki kvenna aftur í efstu deild og að lokum þá rétt að minna á það að í ár verða liðin 10 ár frá því að meistaraflokkur karla vann Bikarmeistaratitilinn og 12 ár frá því að Íslandsmeistaratitilinn vannst. Nú er lag og er markið sett hátt í þeim efnum, sem og önnur ár. Það væri okkur Skagamönnum mjög kærkomið að fagna sætum sigrum á árinu og jafnvel að endurtaka sönginn góða; “ Við fáum bikarinn heim Skagamenn!!!!”

Knattspyrnufélagið Kári

Stjórn Kára: Sveinbjörn Geir Hlöðversson, formaður, Einar Gíslason, varaformaður, Stefán B. Ólafsson, gjaldkeri, Guðmundur Dagur Jóhannsson, ritari, Ingimar Ólafsson, meðstjórnandi, Eyþór Ólafur Frimannsson, varamaður og Sigurjón Jónsson, varamaður.

Knattspyrnufélagið Kári hóf félagsstarf sitt annað árið í röð á árinu 2012, en félagið hafði náð góðum árangri á árinu á undan, bæði á velli og í rekstri. Markmið félagsins var að halda áfram uppbyggingu Kára og var sett markmið á að komast upp úr neðstu deild, en ljóst var fyrir mót að stórar breytingar myndu vera á deildarskipulagi KSÍ á árinu 2013. Breytingin fól í sér að búin yrði til ný 3.deild sem væri 10 liða landsbyggðadeild og þáverandi 3.deild yrði að 4.deild. Þessar breytingar gerðu það að verkum að 10 lið úr 3.deild gátu komist upp úr deildinni, þ.e. 2 lið í 2.deild og 8 lið í nýja 3.deild. Káramenn settu sér það markmið að vera meðal tveggja efstu liða í sínum riðli og þar með komast í úrslitakeppni 3.deildar og að auki tryggja sér sæti í nýrri 3.deild að ári. Félagið ákvað að endurnýja samning sinn við þjálfara liðsins Valdimar Kristmunds Sigurðsson. Káramenn tóku þátt í 3 mótum á vegum KSÍ á árinu, en þeir tóku þátt í Lengjubikarnum C-deild, Bikarkeppni KSÍ og Íslandsmóti 3.deildar C-riðli.

Rekstur félagsins gekk vel og flestir þeir styrktaraðilar sem studdu Kára á síðasta ári voru áfram með okkur, ásamt því að nokkrir nýjir bættust við. Landsbankinn hélt áfram sem aðalstyrktaraðili Kára og Káramenn ákváðu að halda áfram að styrkja hið góða starf Fjöliðjunnar í gegnum Landsbankann, en á keppnisbúningum félagsins prýðir merki samtaka um vinnu og verkþjálfun, en Fjöliðjan er þar sambandsaðili og eru Káramenn mjög stoltir af því að styðja Fjöliðjuna með þessum hætti. Þrátt fyrir að Káramenn mættu auknum kostnaði vegna þátttöku þeirra í úrslitakeppni 3.deildar að þá skilaði félagið afgangi fyrir næsta ár.

Leikmannahópur Kára breyttist þó nokkuð frá árinu á undan og á undirbúningstímabilinu voru nokkrir nýjir sem bættust við í hópinn, að auki mættu margir til að prófa æfingar hjá Kára. Káramenn styrktu sig aðeins fyrir sumarið með aðstoð frá Knattspyrnufélagi ÍA, en Sigurjón Guðmundsson og Emil Sævarsson komu að láni frá félaginu ásamt því að Ísleifur Guðmundsson skipti úr ÍA eftir heimför sína úr námi í Danmörku. Ragnar Már Viktorsson skipti svo yfir í Kára á miðju sumri, en hann lék á síðasta tímabili með 2.flokki ÍA. Alls tóku um 40 manns þátt í leikjum liðsins á árinu. Æfingar félagsins voru haldnar 3-4 sinnum í viku frá janúar fram á haust og var það fyrir utan leiki sem voru yfirleitt um 1 leikur á viku.

Árangur liðsins á árinu var góður í öllum mótum og það markmið sem liðið setti sér náðist. Liðinu gekk nokkuð vel í Lengjubikarnum, unnu fyrstu 3, en töpuðu svo síðasta leiknum og enduðu í 2.sæti riðilsins. Árangur liðsins í bikarkeppni KSÍ var einnig vel viðunandi, en liðið komst í 2.umferð eftir stóran 6-1 sigur á Knattspyrnufélagi Hlíðarenda KH, en féll svo úr leik gegn 2.deildar liði Aftureldingar frá Mosfellsbæ. Á Íslandsmótinu lentu Káramenn í jöfnum riðli þar sem liðið háði harða baráttu allt sumarið við Víðir Garði og Grundarfjörð um efstu 2 sætin í riðlinum sem veitti aðgang að úrslitakeppni 3.deildar. Deildin var jöfn og spennandi hjá þessum liðum og þegar um 4 umferðir voru eftir að þá voru Kármenn efstir í riðlinum, en þá komu 2 tapleikur í röð sem heldur betur hleypti spennu í riðilinn, en svo fór að Káramenn unnu mjög sannfærandi síðustu 2 leikina og tryggðu sér þar með 2.sætið í riðlinum og sæti í úrslitakeppni 3.deildar ásamt öruggu sæti í nýrri 3.deild að ári. Káramenn mættu sterku liði

Magna frá Grenivík í úrslitakeppninni, en Magnamenn sigruðu sinn riðil með yfirburðum og án taps. Fyrsti leikur liðanna var leikinn í Akraneshöll sökum úrhellis og var mikið jafnræði á með liðunum, en Magnamenn náðu ávalt forystu í leiknum og Káramenn jöfnuðu jafnóðum. Magnamenn náðu sér þó í sigur í leiknum með marki á 90 mínútu og enduðu leikar 3-4 fyrir Magnamenn sem voru komnir í vænlega stöður fyrir heimaleik sinn. Seinni leikur liðana fór fram í blíðviðri á Grenivík og miðað við gang leiksins að þá var engu líkara en að Káramenn væru á heimavelli, þvílíkir voru yfirburðir Káramanna í fyrri hálfleik. Kármönnum gekk samt illa að nýta marktækifærin en komust þó yfir eftir um hálf tíma leik, en líkt og í lok fyrri leiks liðana að þá náðu Magnamenn að pota óvænt inn marki á lokasekúndum fyrri hálfleiks. Magnamenn komu mun sprækari til leiks í seinni hálfleik og náðu að komast yfir í leiknum en Kármenn svöruðu strax með jöfnunarmarki, þetta gerðist aftur þ.a. þegar um 10 mínútur voru eftir af leiknum var staðan 3-3 og Káramenn aðeins einu marki frá því að jafna viðureign liðana og knýja fram framlengingu, en þrátt fyrir mikla baráttu að þá náðist það ekki og liðið féll því úr keppni samanlagt 6-7. Káramenn enduðu þar með í 5-8. sæti í 3.deild og tryggðu sér þar með sæti í nýrri 3.deild og náðu þar með markmiði sínu. Þess má geta að þetta er í fyrsta sinn sem Akranes á fleiri en eitt lið sem er fyrir ofan neðstu deild á Íslandsmótinu í knattspyrnu og eru Káramenn stoltir af þeim árangri.

Á lokahófi félagsins sem fór fram í október fóru Káramenn yfir árið og kusu sér besta og efnilegasta leikmann félagsins. Leikmaður ársins var kosinn á hófinu, en það var Hörður Kári Harðarson sem hlaut þá nafnbót, en hann átti mjög gott tímabil og var hann sá eini sem spilaði alla 17 leiki liðsins á Íslandsmótinu og skoraði í þeim 2 mörk, en hann spilaði ávalt í hjarta varnarinnar. Hörður Kári er mjög þrúður leikmaður og hans eina spjald á tímabilinu kom í síðasta leik, en Hörður er duglegur leikmaður sem les leikinn afar vel. Káramenn kusu sér einnig efnilegasta leikmanninn, en fyrir valinu að þessu sinni varð Ragnar Már Viktorsson sem spilaði árið áður sem fyrirliði hjá 2.flokki ÍA og þrátt fyrir að Ragnar hafi komið frekar seint inn í lið Kára að þá var greinilegt að þarna var á ferðinni einn efnilegasti leikmaður 3.deildarinnar á síðasta ári, en Ragnar spilaði 7 leiki og skoraði 1 mark. Það var svo Aron Örn Sigurðsson sem varð markahæsti leikmaður Káramanna á árinu með 11 mörk í 14 leikjum.

Knattspyrnufélagið Kári er opið öllum þeim sem vilja æfa og spila fótbolta af krafti og er markmið okkar sem knatt-



spyrnufélags að taka við öllum þeim sem hafa klárað sinn yngri flokka feril án þess að ná inn í sterkan hóp efstu deildar liðs ÍA sem og annara sem hafa áhuga á að æfa og keppa í knattspyrnu á Akranesi, en margir leikmenn hafa náð langt eftir að hafa komið við í félögum á borð við Kára. Við teljum að með uppbyggingu félagsins getum við skapað trausta framtíð fyrir alla þá ungu leikmenn sem æfa knattspyrnu á Akranesi í dag og ef menn komast ekki að hjá ÍA að þá sé annar kostur í boði fyrir þá á Akranesi.

Knattspyrnufélagið Kári var stofnað árið 1922 og verður upprunalega félagið því 91 ára á þessu ári og hefur endurvakning félagsins yljað mörgum þeim sem spiluðu með félaginu á árum áður um hjartarætur og er mikill vilji meðal núverandi leikmanna Kára og fyrrverandi að halda félaginu gangandi um ókomna tíð, en til þess þarf góðan vilja, stuðning og fjármagn.

Káramenn munu eins og áður hefur komið fram spila í nýrri 3.deild á árinu 2013, en með þeim í riðli eru lið héðan og þaðan af landinu og þar á meðal eru 3 lið á Austurlandi og 1 á Norðurlandi, þetta mun hafa töluverðan ferðakostnað í för með sér og vonum við að fyrirtæki og einstaklingar taki vel á móti Káramönnum í þeim fjáröflunum sem liðið mun fari í á árinu. Áætlaðar tekjur félagsins munu verða um tvöfalt það sem þær voru á árinu á undan og er markmið liðsins að brúa það að mestu með happdrætti félagsins, ásamt því að ná góðum samningum við núverandi og vonandi tilvonandi styrktaraðila. Káramenn eru mjög spenntir fyrir komandi tímabili enda ólíkt skemmtilegra að spila við lið sem voru fyrir skömmu í 1.deild heldur en að spila við lið þar sem það er aðeins spurning hversu sigurinn verður stór. 3.deildin 2013 verður erfið deild með góðum liðum og því mikilvægt að Káramenn nái að byggja sig upp fyrir sumarið á öllum sviðum.

Við viljum enda á því að þakka þeim fjölmörgu stuðningsmönnum sem mættu á leiki okkar í sumar og það er ótrúlegt að sjá fleiri mæta á leiki Kára í 3.deildinni en gengur og gerist hjá mörgum liðum í efri deildum. Einnig viljum við þakka öllum þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa lagt okkur lið með að halda þessum félagi gangandi.

Kraftlyftingafélag Akraness

Aðalfundur félagsins fór fram í íþróttahúsinu við Vestugötu miðvikudaginn 4. apríl 2012. Á fundinum var fyrri stjórn endurkjörin: Formaður: Kári Rafn Karlsson, gjaldkeri: Arnar Helgason, ritari: Lára Bogey Finnbogadóttir, meðstjórnendur: Heimir Björgvinsson og Hermann Hermannsson. Varamenn: Sturlaugur Agnar Gunnarsson og Unnar Valgarð Jónsson

Kraftlyftingamaður Akraness

Kraftlyftingafélag Akraness valdi Einar Örn Guðnason sem kraftlyftingamann Akraness 2012 og tilnefndi hann í kjörið á íþróttamanni Akraness 2012.

Einar Örn hefur keppt á þremur mótum á árinu: Íslandsmótinu í bekkpressu, Íslandsmótinu í kraftlyftingum og bikarmóti í kraftlyftingum. Á árinu hefur Einar sett fjögur íslandsmet, bæði í unglunga- og opnum flokk karla undir 105 kg. Einar vann sinn flokk á Íslandsmótinu í bekkpressu í janúar og setti



þar íslandsmet unglunga og í opnum okk þegar hann lyfti 215,5 kg.

Á Íslandsmeistaramótinu í kraftlyftingum sem fram fór í lok mars varð Einar íslandsmeistari í 105 kg okk með samlagðan árangur upp á 735,5 kg. Einar setti íslandsmet í hnébeygju í unglunga- og opnum okk, 285,5 kg, sem var þó slegið síðar á árinu. Eftir árið situr Einar í 7. sæti af 53 á árslista Kraftlyftingasambands Íslands yfir Wilks skor fyrir samlagðan árangur. Þar að auki er Einar í 5. sæti á lista fyrir árangur í bekkpressu.

Íslandsmeistaramót í bekkpressu

Þriðja árið í röð var Íslandsmeistaramótið í bekkpressu haldið á Akranesi. 45 keppendur mættu til leika í íþróttahúsið á Jaðarsbökkum, þar af 10 konur. Þetta var töluverð fjölgun frá árinu áður en þá voru keppendur aðeins 32. Tveir keppendur frá Kraftlyftingafélagi Akraness tóku þátt, þau Lára Bogey Finnbogadóttir og Einar Örn Guðnason sem varð í 1. sæti í sínum flokki. Líkt og árið áður var ársþing Kraftlyftingasambands Íslands haldið samhliða mótinu. Bæði mót og þing heppnuðust mjög vel og voru menn sammála um að umgjörð og skipulagning mótsins hafi öll verið með besta móti.

Áhöld og tæki

Eftir nokkur ár af því að nurla saman hverri krónu sem félaginu áskotnaðist var hafði loksins safnast saman nægur peningur til að kaupa nýtt sett af keppnislóðum. Keypt var ný keppnisstöng auk átta 25 kg pönnur og þar af öllum stærðum niður í 0,5 kg. Félagið á því núna hátt í 700 kg af lóðum en það má alltaf bæta við og er söfnun þegar hafin.

Þjálfaramál

Á árinu kláruðu þeir Kári Rafn Karlsson og Sturlaugur A Gunnarsson fyrsta stig þjálfaranáms ÍSÍ, svokallaðan Þjálfara 1. Þar að auki komst Sturlaugur að í sérgreinarhluta námsins hjá Kraftlyftingasambandi Íslands en þar voru aðeins 6 pláss í boði. Sérgreinarhlutanum var stýrt af yfirþjálfara norska landsliðsins í kraftlyftingum, þjóðverjanum Dietmar Wolf, sem er talinn vera einn af bestu, ef ekki besti, kraftlyftingaþjálfurum heims. Dómarapróf var hluti námsins og eignaðist félagið því sinn þriðja kraftlyftingadómara. Eitt af meginhlutverkum

félagsins er a auka þekkingu og reynslu félagsmanna á öllum hliðum kraftlyftingaþróttarinnar. Þjálfara- og dómaramenntun er því stórt stökk í rétta átt.

Árangur á mótum

Íslandsmeistaramót í bekkpressu

1. sæti: Einar Örn Guðnason. Einar sigraði 105 kg flokkinn með íslandsmeti í bæði unglinga- og opnum flokk. 2. sæti: Lára Bogey Finnbogadóttir

Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum

1. sæti: Einar Örn Guðnason. Einar varð íslandsmeistari í 105 kg flokki karla og setti íslandsmet í hnébeygju í bæði unglinga- og opnum flokk.

Seltjarnarnesmót í klassískri bekkpressu

2. sæti: Karl Einarsson. Karl keppti á sínu fyrsta móti og náði sínu markmiði sem var að fá allar lyftur gildar.

Bikarmót í kraftlyftingum

Einar Örn Guðnason féll út í hnébeygju en bætti íslandsmet sitt í einlyftu (e. single-lift) bekkpressu.

Körfuknattleiksfélag Akraness

Stjórn Körfuknattleiksfélags Akraness: Hannibal Hauksson, formaður, Sigurður Hermannsson, gjaldkeri, Guðmundur Ó Kristjánsson, ritari, Róbert Gunnarsson, meðstjórnandi og Sigurður Sigurðsson meðstjórnandi

Miklar væntingar voru fyrir leiktíðina 2012 / 2013 eftir gott gengi á síðasta keppnistímabili. Leikmannahópurinn var nánast óbreyttur og var Sigurður Elvar Þórólfsson ráðinn sem þjálfari liðsins. Því miður tókst ekki að fá Terrance Watson aftur til liðsins en í hans stað kom Lorenzo McClelland en hann lék með liðinu í úrslitakeppninni á síðasta tímabili og þótti standa sig vel. Liðið hóf tímabilið illa og tapaði sjö fyrstu leikjunum og vann aðeins einn leik fyrir áramót. Mikið hitamál fór í gang í kjölfar kærna ÍA á hendur FSu vegna ólöglegs leikmanns þeirra Selfyssinga. Svo fór að kærinni var vísað frá og má segja að við Skagamenn höfum átt betri daga og skemmtilegri samskipti við KKÍ en eftir þennan umrædda leik og það sem hann bar í skauti sér.

Um áramót kom Terrance Watsson aftur til liðsins og mikil bjartsýni ríkti um framhaldið. En öllum af óvörum ákvað hann skyndilega að ganga til liðs við Hauka og var það mikið áfall og kom sér afar illa fyrir liðið sem lék tvo fyrstu leikina eftir áramót án erlends leikmanns. Í lok janúar kom Kevin Jolley til liðsins en það var strax ljóst að hann var ekki heill heilsu og stóð alls ekki undir væntingum. Liðinu tókst þó að vinna tvo leiki eftir áramót og tryggði sæti sitt í deildinni með því að sigra Reyni frá Sandgerði í lokaleiknum. Samhliða meistarflokknum var B – lið sem tók þátt í Íslandsmeistara B-liða sem var í sterkara lagi fyrir okkar menn og skemmt frá því að segja að liðið tapaði öllum sínum leikjum.

Í september hófu yngriflokkar æfingar, en það voru 3 flokkar sem æfðu og kepptu undir merkjum körfuknattleiksfélagsins. Einnig voru æfingar hjá heldribolta höfðingjum einu sinni í viku í vetur. Ómar Helgason var þjálfari 9. flokks, Jóhannes



Helgason þjálfaði 7. flokk og Jón Þór Þórðarson var svo með minniboltaæfingar fyrir krakka í 2. – 6. bekk og léki þau sína fyrstu leiki þegar farið var á mót bæði í Borgarnesi og Kópavogi. Í vetur var sett á fót yngriflokkaráð og var Jóhannes Helgason í forsvari fyrir það. Miklar vonir eru bundnar við það að markvisst nái að byggja upp yngriflokkastarf félagsins á næstu árum.

Áskell Jónsson var valinn körfuknattleiksmaður ársins 2012. Áskell spilaði stórt hlutverk í liði ÍA og átti stóran þátt í því að leiða liðið í úrslitakeppni 1. deildar. Þar beið liðið lægri hlut fyrir Skallagrími í oddaleik um laust sæti í Úrvalsdeildinni. Í úrslitakeppninni lék Ákell sérlega vel og hlaut mikið lof fyrir. Hann var með 14 stig í leik, gaf tæpar 5 stoðsendingar og tók um 6 fráköst að meðaltali í leik í úrslitakeppninni allri. Áskell er mjög fylginn sér og mikill keppismaður.

Árið 2012 skiptust áskin og skúrir í starfi Körfuknattleiksfélags ÍA. Hæst stendur að sjálfsögðu árangur meistaraflökks karla tímabilið 2011/2012 þar sem liðið lék til úrslita um laust sæti í Úrvalsdeild. Yngriflokkarnir eru að bæta sig með hverjum mánuðunum sem líður, hlúa þarf vel að þeim og vinna að því að fjölga iðkendum. Þetta er búið að vera lærdómsríkur tími fyrir félagið og mikilvægt að nýta sér reynsluna til að byggja á til framtíðar.

Skotfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir kjörnir í stjórn Skotfélags Akraness. Jón S. Ólason – Formaður, Óskar Arnórsson – Gjaldkeri, Bjarki Óskarsson – Ritari, Stefán Gísli Örlygsson – Meðstjórnandi, Elías M. Kristjánsson – Varamaður.

Loftbyssusalurinn á Vesturgötunni var ágætlega nýttur á árinu. Seinnipart ársins 2011 var leitað til kaupstaðarins um stækkun á aðstöðunni. Herbergi sem er við hliðina á salnum hafði verið illa nýtt og hentaði ágætlega til viðbótar okkar starfsemi. Afar þröngt er í loftbyssusalnum og við höfum verið á hálfgerðum vergangi með búnaðinn okkar sem geyma þarf milli móta. Vilyrði fékkst fyrir því að við fengjum herbergið undir lok ársins 2011 en þó var ekki gengið frá því fyrir en á vormánuðum 2012. Í beinu framhaldi réðust félagsmenn

í það að saga hurðargat milli herbergjanna og loka gamla inn- ganginum í loftbyssusalinn.

Hið árlega Akranesmót í loftskammbyssu og loftrifflí fór fram 23. maí og mættu 19 keppendur til leiks að þessu sinni. Akranesmeistarar árið 2012 urðu í loftskammbyssu þau Jón Arnar Sigurþórsson í karlaflokki og Berglind Björgvinsdóttir í kvennaflokki. Guðmundur Sigurðsson er Akranesmeistari í loftrifflí. Tóms Viderö úr skotfélag Kópavogs sigraði karlamótið í loftbyssu og Jórunn Harðardóttir kvennamótið. Guðmundur Helgi Christensen sigraði rifilkeppnina í karla- flokki og Jórunn Harðardóttir í kvennaflokki. Mótið verður Jórinni væntanlega minnstætt en hún jafnaði þarna íslands- met í loftrifflí og bætti íslandsmetið í loftskammbyssu.

Skammbyssufólk SKA tók þátt í vel flestum mótum á mótaskrá STÍ á liðnu ári. Berglind Björgvinsdóttir náði Íslandsmeistaratitli á Íslandsmótinu. Loftbyssufólk tók að venju þátt í sænsku póstmóti. Þrjú lið keppta fyrir hönd SKA að þessu sinni og er mótariðinni að ljúka núna. Endanleg úrslit liggja ekki fyrir en allt bendir til þess að A-lið SKA hafi náð bronsverðlaunum í sínum riðli.

Úti aðstaða félagsins undir Akrafjalli hefur átt undir högg að sækja. Raunar er nýbúið að byggja nýjan turn á skeetvell- inum og hús utan um trapvélina. Kaffiskúrinn gamli hinsvegar orðinn svo gott sem ónýtur eftir óveðursáfall og vatnsstaðan í landinu orðin svo há vegna samfallina skurða að ekki vantaði nema örlítið upp á að vatn kæmist í kastvélar í leysingum í vor. Engin hreinlaetiaðstaða er á svæðinum og m.a. þess vegna ekki hægt að halda opin mót þar. Því var enn á ný gengið á fund Akraneskaupstaðar og óskað eftir fjárhagslegri aðstoð við að koma vellinum og aðstöðunni í lag jafnframt því að byggja upp riffl / skammbyssuvöll. Erindi okkar sem var vel tekið og var nú í byrjun árs undirritaður framkvæmdasamningur milli Akraneskaupsstaðar og Skotfélagsins. Skv. samningnum fær félagið 3.000.000 kr á þriggja ára tímabili, þ.e 1.000.000 kr á ári. Er það í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð var fyrir bæinn.

Framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir að ræsa fram skurði, koma upp nýju húsi / félagsheimili á góðum undirstöðu, með hreinlætis og kaffiaðstöðu. Fylla í skeetvöll og rétta af palla. Færa tapvél og fylla að henni og byggja upp bakstopp og vind- manir fyrir rifflvöll. Framkvæmdir eru þegar hafnar og er búið að koma fyrir nýju húsi og ræsa fram skurði. Villibráðakvöldið var að venju haldið í nóvember og var ágætlega sótt. Vel þótti



takast til og skemmtu menn sér hið besta og nutu góðra veit- inga sem gestir framreiddu sjálfir. Skotíþróttamaður Akraness fyrir árið 2012 var svo valin Berglind Björgvinsdóttir.

Sundfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi Sundfélag Akraness þann 13. mars 2012 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn og skiptu þannig með sér verkum: Formaður, Eygló Karlsdóttir, gjaldkeri Siggerður Á. Sigurðardóttir, ritari Svava Hrund Guðjónsdóttir, meðstjórn- endur Bjarney Guðbjörnsdóttir, Katrín Leifsdóttir og Magnús Sigurðsson. Því miður náðist ekki að manna stjórnina að fullu þannig að þetta árið byrjuðum við sex stjórameðlimir, en svo á haustmánuðum datt Magnús út vegna anna þannig að við vorum orðnar fimm í stjórninni. Það gekk vel fyrir sig. Harpa Hrönn Finnbogadóttir hefur verið stjórninni til aðstoðar og séð um að bóka fyrir félagið. Stjórnin fundar að jafnaði annan hvern þriðjudag. Auk þess sinnir stjórn vinnu við undirbún- ing og framkvæmd viðburða á vegum félagsins, s.s. sundmót, keppnisferðir, æfingabúðir, fjáraflanir og fleira.

Mads Claussen hætti sem þjálfari hjá félaginu og flutti sig um set, alla leið til Danmerkur. Við þökkum honum fyrir samstarfið. Í stað hans réð SA Kjell Wormdal frá Noregi. Hann var talinn hæfastur í starfið úr hópi umsækjenda. Kjell hefur séð um að þjálfa A og C hóp félagsins frá því í haust. Bjarney Guðbjörnsdóttir þjálfar B hóp, Erna Sigurðardóttir íþróttakennari sér um þjálfun Sela 1. 2 og 3. Sigríður Helga Gunnarsdóttir íþróttakennari hætti sem Kópabjálfi og Inga Þóra Lárusdóttir var ráðin í hennar stað. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir hefur alfarið séð um Krossfiskana og Fjörfiskana en í upphafi vorannar varð breyting á því þá réð SA Sturlaug Sturlaugsson til starfa til að kenna í Krossfiskum. Til að aðstoða í yngri hópunum höfum við fengið sundmenn úr A hópi, það hefur gefist vel.

Verkefni á starfsári stjórnarinnar hafa verið fjölmörg og ætla ég að fara yfir þau helstu:

Mars: Við byrjuðum nýtt stjórnarár með því að senda hóp á Actavis International sem haldið var í Hafnarfirði dagana 17. – 18. mars 2012 og viku seinna tóku eldri sundmenn SA þátt í vormóti Ármanns í Laugardalslaug. Þessa sömu helgi fóru yngri sundmenn félagsins alla leið til Vestmannaeyja til að spreyta sig í íþróttinni. Sú ferð þóttist takast vel í alla staði. Nokkrum dögum fyrir páska héldu sundhóparnir páskagledi. Þar var tekið frí frá venjulegum sundæfingum og krakkarnir fóru í skemmtilega leiki í staðinn. Eftir húllumhæið voru sundmennirnir leystir út með páskaegg.

Apríl: 12. apríl hófst Íslandsmeistaramótið í 50 m laug, en það var haldið í Laugardalslauginni. Að þessu sinni átti SA 12 keppendur á mótinu og komust okkar sundmenn samtals 8 sinnum á pall og af því fengum við tvo Íslandsmeistara, Jón Þór Hallgrímsson í 200 m flugsundi og Ágúst Júlíusson í 100 m flugsundi. Í lok apríl eignaðist SA Íslandsmeistara í 5 km sundi þegar Inga Elín Cryer tók sig til og sigraði á mótinu sem haldið var í Ásvallalaug í Hafnarfirði. Um mánaðarmótin apríl – maí var svo komið að stóru stundinni hjá sundmönnum fæddum 1999 og 2000. Danmerkurferð með öllu tilheyrandi!

Sundmennirnir tóku þátt í Kvik árgangscup og stóðu sig með þrífði. Eins og venja er var einnig farið á Strikið og í Tívolí.

Maí: 4.–5. maí fór fram í Vestmannaeyjum Íslandsmeistaramót Garpa. SA átti tvo keppendur. Vignir Barkarson kom heim með sjö gullverðalun af mótinu. Um miðjan maí lögðum við land undir fót og skelltum okkur í Reykjanesbæ til að taka þátt í Landsbankamóti ÍRB.

Júní: Stóra stundin í lífi sundfólks á Akranesi og velunara þeirra rann upp fyrstu helgina í júní þegar Akranesleikarnir voru haldir. Þar voru um 325 keppendur sem spreyttu sig að þessu sinni og þar áttu SA 67 keppendur. Mótið fór vel fram í alla staði, matur og veður gott. Stigahæsta félagið var Sunddeild Fjölnis, stigahæsta sundið átti Hilmar Smári Jónsson úr Sunddeild Fjölnis og Brosbikarinn fyrir þrúðustu framkomu fékk Sundfélagi Óðinn. SA átti fjóra sundmenn á Sundmóti smáþjóða í Andorra og í Mare Nostrum mótariðinni.

Síðasta mótið sem Kópar og Selir tóku þátt í þetta vorið var Yippy mót Fjölnis. Eftir góða helgi í Grafarvoginum beið þeirra sumarfrí. Aðrir héldu áfram að æfa á fullu fram að AMÍ sem haldið var 21. – 24. júní í Reykjanesbæ. Þangað sendi SA 19 keppendur og varð félagið í 8. sæti í liðakeppninni. Sundmenn SA unnu sérstök verðlaun sem þrúðasta félagið vegna góðrar umgengni, kurteisi og hvatningu á bakka. Félagið nældi sér í tvo titla að þessu sinni, báða í 4x50 m skriðsundi, í stúlkna-flokki og í telpnaflokki. Aldursflokkameistarar urðu Una Lára Lárusdóttir, Anna Eze, Júlía Björk Gunnarsdóttir, Birna Sjöfn Pétursdóttir, Arta Haxhíajdini, Unnur Inga Karlsdóttir, Salome Jónsdóttir og Una Rakel Hafliðadóttir.

Ágúst: Nýtt sundár hófst með því að 22 sundmenn 14 ára og eldri fóru í æfingarferð til Calella á Spáni. Þar hittu þau nýja yfirþjálfarann í fyrsta sinn þannig að tilhlökkunin var mikil. Ferðin gekk vel og krakkarnir komu heim í góðu formi!

September: Þann 5. september var haldinn fræðslu- og kynningarfundur fyrir foreldra barna í SA. Á fundinum var rætt um komandi starfsár, þjálfarar kynntir, farið yfir rekstur félagsins og sagt frá fjárfloflunum félagsins og ýmislegt fleira. Fyrsta sundmót haustsins var Sprengimót Óðins á Akureyri. Þeir sundmenn fæddir 2001 og fyrr stóð til boða að fara í þessa skemmtilegu ferð. Í lok móts bauð Óðinn til afmælisveislu enda félagið 50 ára. Að sjálfsögðu var einnig farið í Bryju og keyptur ís! C – hópur og Selir drifu sig í Borgarnes í lok setember í æfinga- og skemmtiferð. Hið árlega Faxaflóasund félagsins var synt 23. september. Sundið hefst í Reykjavíkurbæ og lýkur á Langasandi, alls eru þetta 22 km. 29. september var Akranesmeistaramótið haldið. Þar voru allir sundmenn félagsins 11 ára og eldri mættir til leiks. Aðstæður voru finar, þurrt og lyngt en frekar kalt. Eftirfarandi sundmenn urðu Akranesmeistarar 2012: Droplaug María Hafliðadóttir í meyflokki, Sindri Andreas Bjarnason í sveinaflokki, Júlía Björk Gunnarsdóttir í telpnaflokki, Patrekur Björgvinsson í drengjaflokki, Inga Elín Cryer í kvennaflokki og Ágúst Júlíusson í karlaflokki.

Október: TYR-mót Ægis fór fram í byrjun október og sendi SA keppendur úr þremur elstu hópum félagsins. Í lok mánaðarins var Extramót SH og SA sendi hóp þangað til þátttöku.

Nóvember: Inga Elín Cryer fór fyrir Íslands hönd á Evrópumeistaramót í 25 m laug sem var haldið í Chartres í Frakklandi. Þar bætti hún vikugamalt Íslandsmet sitt í 400



m skriðsundi. 12. nóvember voru uppskeruhátíðin og pasta-kvöldið haldið saman. Þar mættu iðkendur og foreldrar úr öllum sundhópum og borðuðu saman. Birna Sjöfn Pétursdóttir var valin efnilegasti sundmaðurinn og Inga Elín Cryer var sundmaður ársins. Íslandsmeistaramótið í 25 m laug var haldið í Ásvallalaug í Hafnarfirði helgina 16.–18. nóvember. Á þetta mót sendi SA 11 keppendur. Inga Elín Cryer varð þrefaldur Íslandsmeistari og setti einnig tvö Íslandsmet á mótinu. Hún varð Íslandsmeistari í 800 m skriðsundi, í 400 m skriðsundi og 400 m frjórundi. Hún sló metin í síðustu tveimur greinunum. Um miðjan nóvember var velheppnað Landsbankamót haldið í Bjarnalaug fyrir 7-10 ára gamla félagsmenn.

Desember: Útvarp Akraness fór í loftið í byrjun desember. Útvarpið gekk í alla staði mjög vel, góð dagskrá í boði og vel gekk með auglýsingar. SA tók þátt í Unglingamóti Fjölnis sem var fyrir sundmenn 14 ára og yngri. Hið árlega nýjársmót var haldið í árslok í Bjarnalaug og var það hin besta skemmtun.

Janúar 2013: Inga Elín Cryer var útnefnd sundmaður ársins hjá Sundfélagi Akraness og í framhaldi af því varð hún kosin Íþróttamaður Akraness.

Fyrsta sundmót ársins var Bárútmótið sem fram fór í Bjarnalaug. Þar tóku þátt 48 sundmenn 12 ára og yngri og kepptu þeir í 50 m bringusundi og 50 m skriðsundi. Fyrsta sundmót tímabilsins í 50 m braut var RIG (Reykjavík International Games). Þetta er lágmarkamót og SA sendi 12 keppendur til leiks.

Febrúar: Gullmót KR er eitt af stóru mótum vetrarins, sérstaklega í huga yngri sundmanna. Þetta er gistimót og mikil tilhlökkun ríkir í hópnum. Þetta árið var engin undantekning og fóru um 30 galvaskir sundmenn af Skaganum á mótið. Sundfélag Akraness átti þrjá þátttakendur á 60. sundþingi Sundsambandsins.

Mars: Í byrjun mánaðarins fór hópur frá SA á Vormót Fjölnis sem haldið var í Laugardalslaug. Ýmislegt fleira hefur verið gert en verður ekki talið upp hér. Æfingaaðstaðan er óbreytt. Yngri hóparnir eru í Bjarnalaug og þrír elstu hóparnir eru í Jaðarsbakkalaug. Sundmennirnir okkar eru á breiðum aldri og hópurinn telur liðlega 200 manns. Við bjóðum upp á sund fyrir 4 mánaða kornabörn og uppúr. Þeir yngstu eru í Sundskólanum Fjörfiskum og þeir elstu í Görpum. Það er sama á hvaða aldri þú ert, þú ættir að geta fundið hóp við þitt hæfi hjá SA.



Fjárafilar hafa verið með svipuðu sniði og mörg undanfarin ár; Akranesleikarnir, Útvarp Akranes, rekstur ljósabekkja, kleinusala, Faxaflóasund, útbúður, vörutalningar, flatkókusala og ýmislegt fleira sem til fellur. Um áramótið og í byrjun janúar bar Sundfélagið út vikublaðið Póstinn á Akranesi og gekk það vel. Þá hefur styrkur Akraneskaupstaðar til íþróttafélaganna vegna þjálfunar barna og ungmenna verið félaginu mikilvægur sem og fjárframlag Íþróttabandalags Akraness sem munar um í starfinu. Viljum við þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem lagt hafa félaginu lið.

UMF Skipaskagi

Stjórn Ungmennafélagsins Skipaskaga skipa þau , Anna Bjarnadóttir formaður, Skafti Steinólfsson gjaldkeri og Gunnar Högnason ritari. Meðstjórnandi er Jóna Adolfsdóttir. Anna formaður félagsins fór á Vorfund UMFÍ sem haldinn var á Selfossi í maí sl., einnig fór hún á Sambandsþing UMFÍ sem haldið var á Kirkjubæjarklaustri í sept. sl. Skafti sem er gjaldkeri var einnig á þessum fundum en var þar sem stjórnarmaður UMFÍ. Anna sat aðalstjórnarfund hjá ÍA þar sem rædd voru gæðamál hreyfingarinnar og samskipti við Akraneskaupstað. Skafti og Anna sátu þing ÍA fyrir hönd Skipaskaga.

